

Fimmtudaginn 21. júní 1979.

Nr. 104/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ásgeiri Ingólfssyni

(Sveinn Snorrason hrl.).

Manndráp. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarmennirnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

I.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu 20. apríl 1977 var dómi í máli þessu áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til þyngingar. Hér fyrir dómi krafðist ríkissaksóknari þess, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur að öðru leyti en því, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 29. nóvember 1975 til 6. desember s. á. kæmi eigi refsingu hans til frádráttar. Þá lýsti ríkissaksóknari yfir því, að af hálfu ákærvalds væri eigi talið sannað, að verðmæti þau, er ákærða er gefið að sök að hafa tekið ófrjálsri hendi í skrifstofu Vélsmiðjunnar Héðins h/f hinn 27. nóvember 1975, hafi samtals numið lærri fjárhæð en 3.175.950 krónum. Beri því að líta á II. tölulið ákæruskjals í ljósi þessa.

II.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Með bréfi 3. nóvember 1977 sendi ríkissaksóknari Læknaráði endurrit gagna málsins og beiddist svars þess við eftirfarandi spurningu: „Fellst Læknaráð á niðurstöðu álitserðar Ásgeirs Karlssonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða Ásgeirs Ingólfssonar . . . ?“ Er álitserð Ásgeirs Karlssonar geðlæknis tekin upp í hinn áfrýjaða dóm.

Í ályktun réttarmáladeildar Læknaráðs 16. desember 1977,

sem staðfest var sem úrskurður Læknaráðs 24. janúar 1978, segir svo: „Læknaráð fellst á niðurstöðu Ásgeirs Karlssonar, sérfræðings í tauga- og geðsjúkdómum, dags. 18. desember 1976“.

Meðal nýrra gagna, sem lögð voru fyrir Hæstarétt, eru allmörg um útgáfu lyfseðla til ákærða og lyfjanotkun hans á um tveggja ára tímabili fyrir atburðinn að Miklubraut 26. Meðal gagna þessara er nánari greinargerð Karls Strand yfirlæknis um lyfseðla þá, er hann gaf út til ákærða á tímabilinu 13. september 1974 til 28. júlí 1976. Þá er einnig þeirra á meðal vottorð Hauks Jónassonar læknis um útgáfu lyfseðla til handa ákærða á tímabilinu 19. febrúar 1975 til 11. júní 1976. Leitaði ákærði til þess læknis vegna magakvilla. Gaf hann ákærða lyf við sjúkdómi þessum, auk þess sem læknirinn lét honum í té lyfseðla fyrir lyfjum við taugaóstyrk, þunglyndi og vandkvæðum með svefn.

Eftir tilmælum verjanda ákærða sendi ríkissaksóknari 28. september 1978 framangreindar skýrslur læknanna auk nokkurra annarra gagna til prófessors, dr. med. Þorkels Jóhannessonar, forstöðumanns Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, og óskaði umsagnar hans „um sennileg eða möguleg áhrif lyfjatöku ákærða samkvæmt hinum nýju gögnum í málinu“. Þá segir í bréfi ríkissaksóknara: „Í því sambandi er vakin athygli yðar á ákvæðum 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en ljósrit af lagagreinininni fylgir hjálagt.“

Í umsögn prófessors Þorkels Jóhannessonar, dags. 11. desember 1978, segir svo:

„Fullyrðing undirritaðs í bréfi til Sakadóms Reykjavíkur 18. 2. 1977 þess efnis, að ekki sé útilokað, að mikil og misjöfn taka lyfja á borð við nítrazepam og díazepam kunni að valda árásarhneigð og snöggum árásarviðbrögðum hjá mönnum, sem haldnir eru hömlum og bælingu, fær stuðning í ritgerð A. DiMascio og í ritstjórnargrein í Brit. Med. J. 18. janúar 1975, en báðar þessar greinar eru í gögnum málsins. Í seinni greininni er vikið að því, að geðklofa mönnum sé þarna sérlega hætt.

Í gögnum málsins er einnig vikið að hjáverkunum geðdeyfðarlyfja, sbr. *Lancet* 4. mars 1972, bls. 529—531. Er þar bent á, að geðveiki, rangskynjanir, rugl og æsingur komi fyrir hjá litlum hluta sjúklinga, er þessi lyf taka. Í gögnum málsins er enn fremur grein eftir R. Dugal et al., sem rennir stoðum undir þá skoðun, að díazepam gæti aukið á verkun og hjáverkanir geðdeyfðarlyfsins amítríptýlins.

Sakborningur hefur samkvæmt athugasemdum I, sem eru í gögnum málsins, fengið amítríptýlín í allstórum skömmtum frá hausti 1974 og fram á sumar 1976. Á sama tíma fékk sakborningur einnig allstóra skammta af díazepam og venjulegan svefnskammt af nítrazepam á degi hverjum. Að auki fékk sakborningur á sama tímabili allstóra skammta af perfenazíni, sem er sefandi lyf og er m. a. notað við geðklofa. Að vísu virðist svo sem upplýsingar um töku lyfja á árinu 1976 séu ekki eins glöggar og árin á undan.

Í gögnum málsins er sömuleiðis ritgerð eftir L. F. Gram & K. F. Overø, sem birtist í *Brit. Med. J.* 19. febrúar 1972 og fjallar um það, hversu samtímis gjöf sefandi lyfja getur hamlað umbrotum geðdeyfðarlyfja hjá mönnum.

Skoðun undirritaðs er sú, að sakborningur hafi samantlagt fengið svo mikið af lyfjum, að hann kunni af þeim sökum að hafa verið ósjálfráður gerða sinna. Það er þannig fyllilega innan marka þess, er gæti gerst, að díazepam og perfenazín hafi aukið svo á hjáverkanir amítríptýlins, að maðurinn hafi þess vegna verið bæði ruglaður og æstur langt umfram það, er svarað gæti til töku amítríptýlins eins sér í greindum skömmtum. Þá er enn eftir hugsanleg áhrif díazepams á hegðunarmynstur mannsins. Telur undirritaður þannig, að ákvæði 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 geti vel átt við sakborning.“

Með bréfi, dags. 17. janúar 1979, sendi ríkissaksóknari Læknaráði endurrit skjala, sem aflað hafði verið eftir 3. nóvember 1977. Óskaði ríkissaksóknari að nýju umsagnar Læknaráðs og beiddist svars við eftirfarandi spurningu: „Fellst Læknaráð á álit prófessors Þorkels Jóhannessonar í bréfi hans, dags. 11. desember 1978?“

Ályktun réttarmáladeildar Læknaráðs 20. apríl 1979, sem staðfest var sem úrskurður ráðsins 5. júní 1979, er svohljóðandi: „Læknaráð fellst á þá fræðilegu möguleika, sem fram koma í vottorði prófessors Þorkels Jóhannessonar. Hins vegar telur læknaráð, að ráða megi af öðrum gögnum málsins, sérstaklega álitserð Ásgeirs Karlssonar, að ákærði hafi hvorki verið ruglaður (confuse) né ósjálfráður gerða sinna, er hann framdi afbrotið“.

III.

Sannað er, að ákærði hefur gerst sekur um að hafa framið brot þau, er í ákæru getur og nánar er lýst í héraðsdómi. Eru brot þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Samkvæmt álitserð Ásgeirs Karlssonar geðlæknis og úrskurðum Læknaráðs verður að telja ákærða sakhæfan. Með hliðsjón af úrskurði Læknaráðs 5. júní 1979 þykir eigi unnt að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af 75. gr. almennra hegningarlaga, og ekki eiga hér við nein ákvæði 74. gr. þeirra laga. Að þessu athuguðu og málavöxtum öllum verður ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða staðfest.

Ákærði er í gæsluvarðhaldi og hefur óslitið sætt því síðan 28. ágúst 1976. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga er rétt, að gæsluvarðhald hans frá þessum degi komi refsivist hans til frádráttar. Ekki eru efni til, að gæsluvarðhald hans frá 29. nóvember 1975 til 6. desember s. á. komi refsingu hans til frádráttar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta til Vélsmiðjunnar Héðins h/f, en hér fyrir dómi lýsti skipaður verjandi ákærða því yfir, að ekki væru gerðar neinar athugasemdir að því er bótakröfuna varðar.

Loks ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 300.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 500.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Ásgeirs Ingólfssonar, á að vera óraskað.

Ægsluvarðhaldsvist hans frá 28. ágúst 1976 skal koma refsingu hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 300.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 500.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. mars 1977.

Ár 1977, föstudaginn 4. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurinum Haraldi Henryssyni, sem er dómsformaður, Jóni A. Ólafssyni og Sverri Einarssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 132/1977: Ákærvaldið gegn Ásgeiri Ingólfssyni, sem tekið var til dóms 1. þ. m.

Sakarefni.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 13. janúar 1977, á hendur ákærða, Ásgeiri Ingólfssyni, Reynimel 84, Reykjavík, fæddum þar í borg hinn 26. júlí 1934. Er ákæruatriðum og dómkröfum þannig lýst í ákæruskjali:

„I.

1. Manndráp, með því að hafa um hádegisbilið fimmtudaginn 26. ágúst 1976 að Miklubraut 26 í Reykjavík veitt Lovísu Kristjánsdóttur, Eiríksgötu 17, Reykjavík, höfuðáverka með járnstykki, er leiddu hana til dauða. Þykir þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
2. Þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa — skömmu áður en atburður sá, er um ræðir í 1. lið, varð — farið inn í húsið Miklubraut 26 í Reykjavík og stolið þaðan kr. 20.000 í peningum, 62 frímerkjaumslögum, er

ákærði taldi hafa að geyma frímerki, þremur kvengullúrum, sex armböndum, fimm hálsfestum, þremur hálsmenum, þremur eyrnalokkum og einni brjóstnælu.

II.

Þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 27. nóvember 1975 farið í fjárhirslur Vélsmiðjunnar Héðins h.f. að Seljavegi 2 í Reykjavík og stolið þaðan þremur peningakössum, sem í voru peningar, ávísanir, víxlar, skuldabréf og frímerki, samtals að fjárhæð allt að kr. 4.364.500.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

I.

1. Fimmtudaginn 26. ágúst 1976, um kl. 2120, komu á lögreglustöðina við Hverfisgötu hér í borg tveir menn, Jónatan Hallgrímsson, Eiríksgötu 17, og Rúnar Hannesson, Álftamýri 10, báðir hér í borg, og voru þeir komnir til að leita aðstoðar lögreglu til að komast inn í íbúð að Miklubraut 26, því þeir hefðu grun um, að eitthvað hefði komið fyrir konu Jónatans, Lovísu Kristjánsdóttur, þar inni. Jónatan sagði, að fólkið, er byggi að Miklubraut 26, hefði farið til London síðastliðinn þriðjudag, en Lovísa hefði tekið að sér gæslu íbúðarinnar, þ. e. vökva blóm og fleira. Hefði Lovísa farið fyrir um daginn til kunningjafólks uppi í Hlíðum, en síðan ætlað að Miklubraut 26. Kvaðst hann hafa farið að undrast um Lovísu, er hún kom ekki heim, og því hafi hann fengið fyrrnefndan Rúnar til að aka með sig að Miklubraut 26. Þar hefðu þeir komið að læstum dyrum og hringt dyrabjöllu án árangurs. Kváðust þeir hafa séð skó og veski Lovísu inn um glugga hússins og hefðu því grun um, að ekki væri allt með felldu. Lögreglumennirnir Þorfinnur Steinar Finnsson, Bjarni Hólm Bjarnason og Hrafn Marinósson fóru á staðinn, og gerði sá fyrstnefndi frumskýrslu um mál þetta. Lögreglumennirnir könnuðu fyrst dyr og glugga íbúðarinnar, en allt var lokað. Tóku þeir það ráð að spenna upp kjallaraglugga íbúðarinnar með kúbeini, og Hrafn Marinósson fór inn um glugga og opnaði síðan fyrir hinum útdyrhurðina.

Að því er séð varð, var allt í röð og reglu í íbúðinni, en við leit fundu lögreglumennirnir Lovísu, þar sem hún lá á grúfu

neðan við hringstiga, sem liggur niður í kjallara hússins. Var hún með svöðusár ofan á höfði, svo mikið, að heili lá úti. Var hún greinilega látin fyrir nokkru, því fætur voru farnir að stirðna. Á teppi, sem er á stofugólfi íbúðarinnar, og einnig á holi innan við útidyr voru blóðdropar, sumir allstórir. Samkvæmt lögregluskýrslunni var greinilegt, að eitthvað hafði verið dregið yfir blóðdropa þessa í átt að áðurnefndum hringstiga, er liggur niður í kjallarann, því dregið var úr þeim í þá átt. Einnig voru blóðslettur á stiganum og veggjunum í námunda við hann. Einn blóðdropi var á gólfi geymsluherbergis, sem er hið næsta herbergi við það, er Lovísa fannst í. Á því herbergi eru dyr út í garð bak við húsið, en hurðin var læst og hespuð að innanverðu.

Rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Guðmundsson og Sveinbjörn Bjarnason voru kallaðir á staðinn og tóku málið að sér. Einnig komu á staðinn Halldór Jónsson aðstoðarborgarlæknir og Jónas Hallgrímsson læknir.

Framangreindir þrír lögreglumenn hafa komið fyrir dóm og lýst aðkomu sinni á vettvang. Þorfinnur Steinar Finnsson lög-
regluþjónn, Hraunteigi 22, Reykjavík, hefur staðfest skýrslu sína í málinu, sem frásögn hér að framan er byggð á, og jafnframt skýrt svo frá, að þeir lögreglumennirnir hafi ekki hreyft við neinu á vettvangi, áður en rannsóknarlögreglumenn og læknar komu á staðinn.

Vitnið Hrafn Marínósson lögreglumaður, Miklubraut 68, skýrði svo frá, að þeir lögreglumennirnir hafi talið fulla ástæðu til þess að fara inn í húsið, en það hafi ekki reynst unnt öðruvísi en með því að spenna upp glugga á bakhlið hússins, sem er þar við stigaop niður í kjallara. Fór vitnið inn um gluggann og kom inn á 1. hæð, en rökkur var í húsinu. Vitnið sá ekkert sérstakt fyrst í stað og gekk fram í anddyrið og opnaði útidyr fyrir hinum lögreglumönnum og þeim Jónatan Hallgrímssyni og Rúnari Hannessyni. Vitnið gekk síðan upp á 2. hæð, en sá þar ekkert sérstakt, en gekk síðan niður aftur og niður í kjallarann. Á gólfinu neðan við stigann í kjallaranum lá konan meðfram neðsta þrepinu, og sneri höfuð hennar í vestur. Lá hún á grúfu, og sá vitnið, að blóð var í kringum höfuð hennar, en leit ekki nánar á það þá, enda var dimmt þarna niðri. Vitnið þreifaði á handlegg konunnar og fann, að hann var kaldur og stirður, en það hreyfði líkið ekkert. Það gekk síðan upp aftur og tilkynnti, að konan væri látin. Það vitnið síðan Bjarna Bjarnason að fara út í lög-
reglubifreiðina og biðja um, að rannsóknarlögreglumenn og borg-

arlæknir yrðu kvaddir á staðinn. Vitnið fór síðan aftur niður í kjallara og athugaði líkið nánar, eftir að það hafði kveikt ljós barna í herberginu, og sá það þá áverka á höfði konunnar. Fór vitnið síðan aftur upp og benti félögum sínum og hinum mönnum tveimur á að hrófla við engu, og biðu þeir eftir rannsóknar-lögreglumönnum og borgarlækni, er komu þar skömmu síðar.

Vitnið Bjarni Hólm Bjarnason lögreglumaður, Langholtsvegi 158, hefur skýrt frá á sama veg og hinir lögreglumennirnir um aðkomu að Miklubraut 26 umrætt sinn.

Vitnið Jónatan Hallgrímsson, Eiríksgötu 17, 75 ára að aldri, sambýlismaður Lovísu heitinnar Kristjánsdóttur, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þau Lovísa hafi búið saman í u. þ. b. 18 ár. Það segir, að hinn 26. ágúst sl. hafi Lovísa farið á fætur um kl. 0730 til 0800. Hafi hún hitað kaffi fyrir þau og farið að búa sig til brottfarar, en ákveðið var, að hún færi til konu í Mávahlíð 2, að nafni Valgerður, en Lovísa var ráðin af hálfu heimilishjálpar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar til að aðstoða hana, þar sem hún átti við geðrænan sjúkdóm að stríða. Lovísa hafi ekki vitað, hve lengi hún yrði með Valgerði, því jafnvel gæti verið, að hún þyrfti að fara með henni til læknis. Gat hún því ekkert sagt um, hvenær hún kæmi aftur. Hún hafi rætt um, að hún ætti eitthvað ógert að Miklubraut 26, þar sem hún átti að líta eftir húsinu í fjarveru húsráðenda. Hún vissi þó ekki, hvort hún kæmist þangað, þar sem hún vissi ekki, hve lengi hún yrði með Valgerði. Sagði vitnið, að Lovísa heitin hefði séð um ræstingu hjá Iðnþróunarstofnuninni í Skipholti og hafi vitnið oft farið með henni þangað til að aðstoða hana. Hafi þau venjulega farið þangað milli kl. 1630 til 1700. Vitnið kveðst hafa beðið hennar til kl. rúmlega 1700, en það hringdi í Iðnþróunarstofnunina til að spyrjast fyrir um hana. Fór vitnið síðan þangað og sá um ræstingu. Vitnið kom heim kl. 1900 og var þá orðið mjög órótt vegna Lovísu. Hringdi það meðal annars í fyrrnefnda Valgerði og frétti það, að þær Lovísa hefðu skilið fyrir hádegi. Vitnið gat nú aðeins látið sér detta í hug einn stað, þar sem Lovísa gæti verið, þ. e. Miklubraut 26. Það hringdi nú til systurdóttur Lovísu, Eyglóar Einarsdóttur, en eiginmaður hennar, Rúnar Hannesson, og hún komu síðan til vitnisins, og fóru þau síðan öll að Miklubraut 26 í bifreið þeirra. Hringdu þau fyrst upp á dyrabjöllu, en án árangurs, en síðan reyndu þau að hafa samband við fólk í næstu húsum, en enginn var heima. Vitnið sagði, að Rúnar hefði kíkt inn um bréfalúgu á húsinu og séð kvenskó

og kventösku í anddyrinu. Eygló kíkti þar inn á eftir og þekkti, að þarna voru skór og taska Lovísu. Reyndi nú Rúnar að komast inn um glugga, en tókst ekki. Ákváðu þau þá að fara til lögreglu og leita aðstoðar hennar. Gat lögreglan komist inn, og kom þá í ljós, hvers kyns var.

Vitnið Rúnar Hannesson nemi, Teigaseli 3, 21 árs að aldri, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi komið heim úr vinnu um klukkan 1830 umræddan dag. Það hafi þá heyrt, að Lovísa Kristjánsdóttir, sem er systir tengdamóður vitnisins, hefði ekki komið heim til sín á þeim tíma, er vænst var. Eiginkona vitnisins hringdi í Jónatan Hallgrímsson og ræddi við hann um klukkan 1900. Kom þá í ljós, að Lovísa var ekki enn komin heim, en Jónatan gat ekki látið sér detta í hug, hvar hún gæti verið. Um klukkan 2000 hafi þau enn haft samband við Jónatan og hafi hann þá talað um, að Lovísa hafi átt erindum að sinna að Miklubraut 26. Var ákveðið, að þau færu þangað til að athuga um Lovísu, og sóttu þau hjón Jónatan í bifreið þeirra og fóru síðan að Miklubraut 26. Hringdu þau fyrst dyrabjöllunni þar, en án árangurs. Vitnið sagði, að þau hefðu reynt að hringja upp á næstu húsum, því Jónatan minnti, að Lovísa hefði talað um, að kona í öðru húsinu hefði lykil, en þar var ekki svarað. Vitnið gægðist nú í gegnum bréfalúgu á húsinu númer 26, og sá það þá skó og veski á gólfi í anddyrinu, sem það taldi, að væri í eigu Lovísu. Eiginkona þess sá þetta einnig og staðfesti, að þetta væru hlutir tilheyrandi Lovísu. Athugaði vitnið nú möguleika á að komast inn um glugga, en það reyndist ómögulegt. Ákváðu þau þá að hafa samband við lögregluna, og eftir nokkurn tíma kom hún á vettvang. Lögreglumaður hafi komist inn um kjallaraglugga og hafi hann opnað aðaldyrnar. Fór vitnið inn í stofu að brún stiga, er lá niður í kjallarann, og sá það, hvar Lovísa lá þar fyrir neðan stigann á grúfu. Sá vitnið, að hún var með mikla áverka á hnakka og að blóðpollur var á gólfinu kringum höfuð hennar. Vitnið fór ekki niður og fór fljótlega af vettvangi, en lögreglumennirnir sögðu, að Lovísa væri látin, og taldi vitnið sig einnig hafa séð, að svo var.

Vitnið Valgerður Ólafía Þórarinsdóttir, Mávahlíð 2, 48 ára að aldri, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hinn 26. ágúst sl. hafi Lovísa Kristjánsdóttir komið heim til sín í Mávahlíð 2 og þær hafi síðan farið niður í miðbæ og farið á skrifstofu Félagsmála- stofnunar Reykjavíkurborgar, þar sem Lovísa sótti skiptimiða fyrir vitnið. Fóru þær síðan í strætisvagn og fóru úr vagninum

á Miklubraut á móts við Kjarvalsstaði. Gengu þær saman að bakaríi við Reykjahlíð, beint á móti Mávahlíð 2, en Lovísa ætlaði að kaupa rjóma. Sagði Lovísa vitninu, að hún ætlaði að fara að taka til í húsi við Miklubraut, þegar þær skildu. Vitnið spurði hana, hvað klukkan væri, og svaraði hún því til, að hún væri ekki orðin 1100. Kvöddust þær þarna með kossi, en vitnið flýtti sér í verslunina Jónsval í Blönduhlíð og sá Lovísu ekki frekar. Hafði Lovísa að orði, áður en þær kvöddust, að hún mundi koma fljótlega aftur til vitnisins, þó ekki þennan dag. Sagði hún vitninu, að hún ætti alltaf frí eftir hádegi á fimmtudögum.

Svo sem fyrr hefur fram komið, voru rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Guðmundsson og Sveinbjörn Bjarnason kallaðir á vettvang að Miklubraut 26 umrætt sinn. Hefur Gísli Guðmundsson gert skýrslu um komu þeirra á vettvang, og segir þar svo:

„Fimmtudaginn 26. 8. 1976, kl. 21.37, var hringt til undirritaðs frá fjarskiptastöð lögreglunnar í nýju lögreglustöðinni og tilkynnt, að allar líkur væru á því, að kona hefði verið myrt í kjallara hússins Miklubraut 26 hér í borg. Undirritaður fór á staðinn ásamt Sveinbirni Bjarnasyni lögreglum., sem tók ljósmyndir og aðrar athuganir þar á staðnum. Þá kom á staðinn Halldór Jónsson, aðst.borgarlæknir, sem skoðaði hina látnu. Hann mældi hitastig líkama hennar kl. 23.00, og var hann þá 31 stig. Þá var líkið byrjað að stirðna.

Við rannsókn kom í ljós, að hin látna var Lovísa Kristjánsdóttir, til heimilis að Eiríksgötu 17, fædd 24. 11. 1919, n.nr. 6173-6255. Hún var með mikinn áverka á höfði, stór skurður framan á enni og mölbrotin höfuðkúpan eftir mikið högg aftan á höfuðið. Líkið lá á grúfu neðan við hringstiga úr stofu og niður í kjallara, og virðist sem þar hafi verið gengið endanlega frá konunni, því adlit hennar virtist mjög illa farið, eins og aðalhöggið hafi verið veitt, þar sem konan lá með andlitið á steingólfinu í kjallaranum. Svo mikið hefur höggið verið, að heilinn lá tættur úti.

Hin látna var klædd í dökkan taubuxur og í brúnum loðfóðruðum kuldajakka, sem var aðhnepptur, skór hennar voru eðlilega staðsettir í innri forstofu og veski hennar við hlið skónna á gólfinu. Ekki virtist neitt hafa verið hreyft við veskinu, í því voru kr. 3.400 ásamt ýmsu dóti.

Hús það, sem atburður þessi skeði í, er tveggja hæða raðhús ásamt kjallara, og er komið fyrir hringstiga úr stofunni niður í kjallarann, er hann staðsettur í suðurhorni stofunnar. Á gólfinu í innri forstofu voru blóðblettir, annar minni og frammar í

forstofunni, en hinn nokkru innar. Var eins og eitthvað hafi verið dregið yfir innri blóðblettinn. Blóðslettur voru á stigahandriðinu og upp á veggnum kringum stigann, en ekki hægt að sjá, að áverkar á höfði hinnar látnu hafi orsakast af falli í stiganum.“

Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri rannsóknarlögreglunnar, fór næsta dag að Miklubraut 26 og gerði athugun á vettvangi. Gerði hann skýrslu um þá athugun, og segir þar um vettvang:

„Gengið er frá gangstétt upp fjórar tröppur að útihurð hússins, sem læst er með smekklás. Hurðin er kviklæst og aðeins stirð, þannig að ef hún er lögð aftur, lítur út fyrir, að hún sé læst, þó svo sé ekki. Það þarf að skella henni, svo hún læsist.

Komið er inn í litla ytri forstofu með teppi á gólfi og fatahengi til vinstri, en í því eru 5 kvenkápur og þrjár kvenjakkar ásamt peysu. Nokkur pör af kvenskóm eru á gólfinu.

Hurð að innri forstofu er beint fram og opnast inn og til hægri. Hægt er að læsa henni að innan með lykli, sem stendur í skránni. Dyrasími er á veggnum við hurðina. Opið er úr forstofunni beint inn í stofu, sem er vinkillaga, og þar er allt teppalagt.

Við austurvegg í forstofu er smástóll og stór útskorin kista úr tré og vasi fyrir innan hana. Við stofuvegg til hægri við dyr er kómóða á háum fótum með tveim skúffum og stór spegill fyrir ofan hana. Til hægri við hana á gólfi er plastpoki með dóti og lítið útvarpstæki, og þar næst í horni undir stiga er fata-skápur og geymsla. Í henni einn ljós pels, einn grár pelsjakki, 5 kápur, tveir jakkar, ein peysa og einn skokkur á herðatrjám. Á gólfi er ryksuga og ýmiss konar dót innar á gólfinu. Næst til hægri við stigavegg er hægindastóll og reykbörð og svo í norðurhorni stigi upp á loft, teppalagður. Allt virðist þetta vera í röð og reglu.

Komið inn í stofu.

Hægindastóll strax við hornið til vinstri, kómóða með lampa þar fyrir innan, hægindastóll og bókaskápur. Næst við hann við norðurvegg, sem er með glugga, er hægindastóll, 3 smáborð, undir og yfir, og hægindastóll í austurhorni. Þar næst við austurvegg skápur, að mestu gler að framan, fullur af silfurmunum, síðan hægindastóll, smáborð og sófi og í honum einn borðlampi, 4 glerfígúrir og smávasi, púði og tveir lampaskermar. Sunnar við sófaendann er smáborð með öskubakka. Í s. a. horni er hringstigi niður í kjallara og járngrindverk í kringum hann. Framan við sófann er langt sófaborð og á því silfurvindlakassi, silfur-

karfa og glerfigúra. Hægindastóll milli borðenda og stigahandriðs.

Í suðurvegg er stór gluggi við stiga og helluofn undir honum og dyr út í garð í vesturenda hans. Hurðin er læst með handfangið niður. Tvö smáborð, undir-yfir, við handrið og ofn og öskubakki á þeim. Innan við hurðina er hægindastóll og fyrir framan hann lítið skrifborð með enda að veggnum. Á því myndir, mappa, klukka, lampi og pennasett. Vestan við borðið er annar gluggi í veggnum. Sjónvarpstæki á borði milli glugga og skrifborðs og ruslakarfa undir borðinu. Hægindastóll undir glugga. Við vesturvegg næst glugga er smáborð og sími á því, þá sófi með einum borðlampa við hvorn enda og púðar yfir þeim og svo tveir lampaskermar, síðan smáborð. Við norðurvegg er bókaskápur og hægindastóll framan við hann við dyrnar inn í stofuna. Hringlaga borð er framan við sófann og á því opin símaskrá, sem læknir mun hafa notað. Tvö rifin blöð úr símaskránni eru á gólfinu milli borðsins og skrifborðsins.

Blóðspor.

Á gólfi í innri forstofu, 190 cm frá hurð, við merki 1, eru nokkrir blóðdropar á svæði 35x6 cm 120 cm þar inn af, rétt inni í stofu, eru blóðdropar, smáir og stórir. Stærsti eins og 10 kr. peningur á svæði 30x62 cm og aðeins strokið inn úr eystri hluta í átt að stiga. Merki 2. 108 cm beint inn af þessu eru nokkrir smáblóðdropar. Merki 3. Frá þessu að stiga eru 166 cm og ekkert blóð þar á milli.

Á suðurvegg undir lofti við stiga er biti, og á honum í s. a. horni er hátalari og svo ýmislegt smádót. Framan á bitanum hanga þrjár smáplattar, en nagli fyrir þann fjórða er auður. Á austurvegg við hátalarann, sem er 40 cm á hæð, og rétt upp fyrir hann og á horni hans, merki 4, eru blóðslettur og taumar niður undir gólf, á 30 cm breiðum kafla, og blóð á handriði við hornið og niður eftir því á meters kafla. Merki 5. Á suðurveggnum eru blóðslettur, kám og taumar 74 cm upp fyrir bita og á gardínu á 50 cm breiðum kafla og kám á bitanum út á 70 cm frá a. vegg. Blóðtaumar á veggnum þar fyrir neðan, á ofni undir glugga eru blóðýrur. Merki 6 og blóð frá handriði og niður á gólf. Talsvert blóð er á neðstu tröppu, merki 7 og kám hægra megin á stiga-stoð. Stór blóðpollur með lifrum og heilaslettum er á gólfinu framundan vinstra tröppuhorni, 50x70 cm í hring, og mikið af blóðslettum út frá honum. Merki 8. Járnstoð er undir lofti til

vinstri við stigann. Blóðslettur eru uppeftir henni í 120 cm hæð frá gólfi og svo kám. Merki 11.

Stóll er við vegginn til vinstri við stigann, og á honum eru grammófónplötur og blóðslettur á þeim og blóðtaumar á gardínunni á bak við hann. Vinstra megin við stólinn er stereotæki og blóðslettur á því.

90 cm frá v. stigahorni, framundan stiganum, er borð, 84x137 cm á stærð, og á því dúkur og dregill. Blóðkám er á s. a. horni. Merki 17. Á miðju borði er smágrind og á hvolfi á henni smáplatti, blóðugur á botni. Merki 9 (er sennilega af auða naglanum á bitanum undir lofti). Þá er á borðinu á sinn hvorum staðnum silfurhringir með munnþurrkum í. Silfurkarfa og tveir silfurfluglar á sökkli.

Talsvert af blóðslettum er undir borðinu, í áttina frá stóra pollinum og yfir að n. eldhúsvegg. 60 cm frá n.a. borðhorni er stóll og undir fætinum, sem næst er borði, er lítið handklæði með blóði í. Merki 10.

Dyr að eldhúsi frá stofu þessari eru við stólinn, merki 10. Sjö smáblóðdropar eru á eldhúsgólfi. Merki 12. Einn smáblóðdropi er við fremri hægri brún á eldhúsvaski. Merki 14.

Dyr eru úr eldhúsi í vestur að smágangi, og hurðin opnast inn í eldhúsið að veggnum til vinstri. Á henni opinni eru sjáanlega 17 örsmáar blóðslettur, sem gætu hafa skvettst af þveginni blautri hendi. Farið um þessar dyr inn á ganginn, og þá eru aðrar dyr til vinstri inn í stofuna. Innar, dyr til vinstri að geymslu og gangi að bakdyrum, sem læstar eru með smekklás og tveimur rennilokum. Á geymslugólfi 112 cm frá gangdyrum er einn blóðdropi á stærð við 5 kr. pening. Merki 13.

Til hægri við ganginn eru dyr að þvottahúsi með vaskborði. Í vaskinum eru 5 blóm í pottum og þrjú blóm í pottum á borðinu. Moldin í einum pottinum í vaskinum er alveg þurr að ofan, og það er nokkuð þurrt efst í pottunum. Virðist því ekki hafa verið vökvað í gær.

Rétt er að geta þess, að vatnslásinn undir vaskinum var tekinn frá og vatnið tæmt úr honum til ath. á því, hvort um blóðvatn væri að ræða. Vatnið gaf ekki svörun við blóði.

Lýsing á kjallara.

Stiginn í s.a. horni, gluggi á s. vegg á bak við hann. Helluofn fyrir neðan og gardínur á öllum veggnum. Stóll, stereotæki og 3 stólar við vegginn í n.v. horni. Skenkskápur við vesturvegg.

Stóll norðan við hann og þar næst í norðurvegg dyr að gangi frá eldhúsi og til vesturs. Aðrar dyr eru austar í norðurveggnum inn í eldhúsið. Hornskápur í n.a. horni. Gler í efri hurð og fullt af silfurmunum þar fyrir innan. Undir stiga er bunki af grammófónplötum, blómapottur og plötustatif. Stórt borð á miðju gólfi.

Eldhúsið.

Í eldhúsdýrunum er skothurð, sem gengur inn í vegginn til vinstri. Á austurvegg eru skápar, ísskápur og eldavél. Við norðurvegg undir glugga er eldhúsbord með uppþvottavél og einföldum stálvaski. Á vesturvegg er eldhúsbord með yfirskápum. Sími og dyra- og innanhússími. Miðstöðvarofn við dyr að gangi til vesturs.

Efri hæð hússins.

Þegar komið er upp stigann frá forstofu, er gangur eftir hæðinni til austurs. Dyr að salerni til vinstri. Þar inni er lok á klósetti og setan uppi og þvagsvatn í skálinni. Af því er tekið sýni. Opið er inn í geymsluherbergi í n.a. horni.

Í s.a. horni er svefnherbergi. Rúmteppi er brotið saman og liggur til fóta í rúminu, en sængin er í kuðli og búið að taka verið af henni og tveimur koddum.

Í n.v. horni er annað svefnherbergi. Þar er rúmteppi og sængurfatnaður í kuðli í rúminu og náttkjóll undir kotta. Við vesturvegginn, þ. e. framan við rúmið, er skrifborð og á plötunni einhver plögg og blokk, sem skrifað er á. Það er eins og hafi verið rótað í þessu. (Gæti hafa verið skilið við það svona).

Undir glugga í suðurvegg, við rúmið, er smáskápur með skúffu í. Á gólfinu framan við skápinn liggur tafla. Ég athugaði hana og sýndist, að um Smartis gæti verið að ræða. Opnaði skúffuna og sá, að þar var Smartisstaukur og í honum ein sams konar tafla.

Í miðju lofti í risi er lúga með rennistiga. Stiginn er niðri, því leitað hafði verið þarna uppi í gærkvöldi.

Líklegt morðvopn fannst ekki í íbúðinni.

Íbúðin var teiknuð upp og leitað að fingraförum, en það verk framkvæmdi Ragnar Vignir og hans menn úr tæknideildinni.“

Sveinbjörn Bjarnason rannsóknarlögreglumaður fór, sem fyrr segir, á vettvang að kvöldi 26. ágúst ásamt Gísla Guðmundssyni, og tók hann þá myndir á vettvangi, og einnig tók hann frekari

myndir af vettvangi ásamt Ragnari Vigni aðalvarðstjóra næstu daga, og hafa þær verið lagðar fram í málinu. Þá framkvæmdu Ragnar Vignir og Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður mælingar á vettvangi, og gerði hinn síðarnefndi uppdrætti af vettvangi í samræmi við þær, og hafa þeir verið lagðir fram í málinu.

Fingrafararannsókn var framkvæmd á vettvangi, aðallega af Sævari Jóhannessyni rannsóknarlögreglumanni, en samkvæmt framburði Ragnars Vignis aðalvarðstjóra fyrir dómi fundust einungis fingraför húsráðanda að Miklubraut 26 og dóttur hennar.

Allir framangreindir rannsóknarlögreglumenn hafa komið fyrir dóm og staðfest þar skýrslur sínar, myndir og uppdrætti.

Svo sem fyrr hefur komið fram, var aðstoðarborgarlæknir, Halldór Jónsson, stud. med., Sólheimum 23, 25 ára að aldri, kallaður á vettvang að Miklubraut 26 að kvöldi 26. ágúst sl. Fyrir dómi hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi verið kallaður til af lögreglu um það bil klukkan 2140 til 2145 og hafi verið kominn á staðinn um það bil 5—10 mínútum síðar. Var vitninu vísað niður í kjallara, en þar lá kona á grúfu fyrir neðan stiga, sem liggur niður í kjallarann. Var hún alklædd, en breitt var yfir höfuð hennar. Hafi konan verið greinilega látin, og þegar vitnið leit á höfuð hennar, blöstu þar við slíkir áverkar, sem hlytu að hafa leitt til dauða. Þreifaði vitnið á líkinu, og var það kalt viðkomu og stírt, en þó sums staðar velgja, þegar þreifað var innan-klæða. Vitnið hafði samband við Jónas Hallgrímsson, lækni á Rannsóknastofu Háskólans, sem er sérfræðingur í líffærameinafræði. Kom hann fljótlega á staðinn. Skoðuðu þeir saman vettvang og sáu meðal annars blóðbletti í stofu og í stiga. Síðan sneru þeir líkinu við, og kom þá í ljós skurður á enni, og athugaði Jónas það sár nánar. Vitnið fór og sótti hitamæli upp í Heilsværndarstöð og mældi síðan líkamshitann í líkinu í endaparmi. Fór mælingin fram nálægt klukkan 2300, og reyndist hitinn 31° C. Vitnið mældi einnig stofuhita, og reyndist hann 23° C. Kvaðst vitnið ekki treysta sér til að álykta um dauðastund, en þarna komi ýmis atriði til álita, eins og t. d. klæðnaður og að gluggi hafði verið opnaður, er mæling á stofuhita fór fram.

Vitnið taldi útilokað, að þeir áverkar, sem konan hafði á höfði, hefðu getað hlotist af bylту niður umræddan stiga. Vitnið sá ekki aðra áverka á líkinu en höfuðáverka, en tók fram, að líkið hefði ekki verið afklætt þarna á staðnum.

Vitnið Jónas Hallgrímsson yfirlæknir, Tjarnarflöt 2, Garðabæ, 45 ára að aldri, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi eftir beiðni Halldórs Jónssonar aðstoðarborgarlæknis farið að Miklubraut 26 umrætt kvöld, en vitnið gegndi um þessar mundir störfum Ólafs Bjarnasonar sem forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans. Var vitnið komið á staðinn um klukkan 2200, og voru þar fyrir Halldór Jónsson, Gísli Guðmundsson rannsóknarlög-reglumaður og fleiri lögreglumenn. Sá vitnið blóðbletti í stofu nálægt dyrum út í anddyrið og einnig innar í stofunni í átt að stiga niður í kjallarann. Voru fyrrnefndir blóðblettir dregnir út, eins og eitthvað hefði dregist yfir blóðið, áður en það storknaði. Einnig var blóð á stigahandriði, veggjum og gardínu á glugga við stigann, en ekki tók vitnið eftir blóði á þrepum stigans. Vitnið segir, að blóð á gardínunni við stigann hafi virst vera slagæðablóð að hluta. Engar heilaslettur sá vitnið í stiganum eða uppi í stofunni. Það segist hafa ályktað af ummerkjum í stofunni og stiganum, að líklegast væri, að konan hefði sjálf farið niður eftir að hafa fengið áverka á höfuðið.

Vitnið segir, að konan hafi legið á grúfu rétt fyrir neðan stigann, samsíða neðsta þrepi, og lá höfuðið á vinstri vanga. Var hún að mestu bein, nema lítils háttar beygja í hnám. Hendur voru krepptar í olnboga undir líkið, og voru þær alblóðugar. Fannst vitninu ótrúlegt, að hún hefði lent í þessari stellingu, ef hún hefði dottið niður stigann í roti eða látin. Það sagði, að konan hefði verið látin og höfuðkúpa hennar verið moluð. Hluti af heilanum lá við sárin á hvirfli hennar. Segir vitnið, að þetta sé með meiri háttar áverkum, er það hafi séð á höfði, nema þá þegar um umferðarslys eða skotsár eftir haglabyssu sé að ræða. Telur vitnið útilokað, að slíkur áverki geti hafa komið við fall í umræddum stiga. Vitnið gerði sér í hugarlund, að konan hefði fengið högg tvisvar, fyrst uppi í stofunni, minni háttar högg, en síðan farið niður, annað hvort sjálf eða verið borin, en þar niðri hafi hún fengið meiri háttar högg, sem hefði gengið frá henni.

Vitnið segir, að eftir að þeir læknarnir höfðu kannað konuna í þeirri stöðu, sem hún lá í, hafi henni verið velt við. Kom þá í ljós sár á enni, og sýndist vitninu vera höfuðkúpubrot þar undir og gekk úr skugga um, að svo var. Telur vitnið líklegt, að konan mundi hafa rotast við það högg eitt. Fannst vitninu vera hvöss brún í brotinu, sem benti til, að það væri eftir strendan, aflangan hlut.

Vitnið sagði, að þeir lækarnir hafi losað föt á konunni og athugað líkbletti. Voru þeir daufir, enda hafði konunni blætt út. Vitnið ýtti á þá, og virtust þeir ekki storkna. Ályktaði vitnið í fyrstu, að líklega væru ekki nema um það bil 6 klukkustundir frá því konan lést. Það segir, að líkið hafi verið volgt á baki og kvið, en útlímir kaldir og stífir. Hiti var mældur í líkinu af Halldóri Jónssyni klukkan 2300, og var hann 31° C. Stofuhiti mældist 22° C. Vitnið segir, að talið sé, að hiti falli í líki í stofuhita um 1° C á klukkustund, miðað við að líkið sé ekki óvenjumikið klætt, fyrstu 12 tímana og síðan um 0.5° C næstu 12 tíma, hér sé á það að líta, að konan hafi verið kappklædd, þ. e. verið í útifötum, m. a. skinnkápu. Það segir, að merki um dánartíma séu afar óörugg og nær ógerningur að segja til um dánartíma með meiri nákvæmni en svo, að frávik geti verið nokkrir klukkutímar. Segir það, að alveg geti verið, að 12 tímar hafi verið liðnir frá andláti konunnar. Tók það fram, að fyrri ályktun þess varðandi dánarstund, er það byggði á líkblettum, sé sennilega röng og líkamshiti sé betri vísbending um dánarstund.

Að lokinni athugun á vettvangi að kvöldi hins 26. ágúst var lík Lovísu Kristjánsdóttur flutt í líkhús Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg. Fór þar fram krufning á líkinu, og hefur Jónas Hallgrímsson gert skýrslu um þá krufningu, dagsetta 27. ágúst 1976. Niðurstaða krufningarskýrslunnar hljóðar svo:

„Við krufninguna fundust miklir höfuðáverkar, sem leitt hafa konuna til dauða. Af áverkanum á enninu má ráða, að það högg að minnsta kosti hafi verið greitt með aflöngum hlut, sem hafði verið stendur, og hafi flöturinn, sem á höfðinu lenti, verið nálægt 8 mm á breidd. Af hinum áverkunum á höfðinu er ekkert hægt að ráða um lögun áhaldsins.

Varðandi tímasetningu um andlát verður fátt fullyrt. Telja verður líklegt, að konan hafi verið með 37 gráðu hita, þegar hún andaðist, og samkvæmt því hefur líkið kólnað um 6 gráður fram að því, að mæling var gerð um klukkan 23.00. Hefði líkið legið klæðlaust, mætti búast við um 6 klst. tíma frá dauða miðað við þá mælingu, en þar sem líkið var mikið klætt, má búast við miklu lengri tíma. Líkblettir voru afar daufir, og er því athugun á þeim næsta haldlítill til ákvörðunar á dauðastund.

Af áverkum á líkinu má ráða, að konunni hafi verið ráðinn bani. Útilokað verður að telja með öllu, að konan hafi hlotið áverka þessa við að falla niður stiga þann, sem hún lá neðan við.“

Þegar að kvöldi 26. ágúst leituðu lögreglumenn í nágrenni

Miklubrautar 26 að hugsanlegu morðvopni, og þeirri leit var haldið áfram næstu daga, en hún bar ekki árangur.

Þar sem rannsóknarlögreglunni var kunnugt um tengsl ákærða í máli þessu við dóttur húsráðanda að Miklubraut 26, þótti rétt að yfirheyra hann um ferðir hans umræddan dag. Kom hann fyrir rannsóknarlögregluna föstudaginn 26. ágúst og gaf þá svohljóðandi skýrslu um ferðir sínar daginn áður:

„Ég fór á fætur um kl. 07.30 í gærmorgun. Rétt fyrir kl. 09.00 yfirgaf ég heimili mitt og ók bifreið minni R-2076 að aðalútibúi Landsbanka Íslands. Síðan fór ég í Útvegsbankann og náði þar í víxileyðublöð. Þá var leiðinni haldið á Hótel Borg, en þar hitti ég Ingólf Árnason, föður minn. Klukkan mun hafa verið um 10.00, þegar ég kom að Hótel Borg. Á Hótel Borg stoppaði ég til um kl. 10.30, en þaðan ók ég til Sveins Egilssonar h.f., Fordhúsinu. Þar þurfti ég að fá upplýsingar varðandi dælu í vökvastýri bifreiðar minnar. Þá ók ég að Grensásvegi að rafvéla verkstæði Sveins Jónssonar. Ekki man ég númer hvað húsið er á Grensásveginum, en það mun vera rétt við staðinn, þar sem Davíð Sigurðsson hefur aðsetur. Á verkstæðinu stoppaði ég í um það bil 15 mínútur. Þegar ég kom frá verkstæðinu, tók ég eftir því, að það var orðið loftlítið í hægra framdekki. Ég ók þá að Hreyfilshúsinu við Grensásveg og pumpaði lofti í dekkið. Ekki man ég nákvæmlega tímasetninguna á þessu, en klukkan mun sennilega hafa verið orðin yfir 11.00.

Frá Grensásveginum ók ég vestur á Reynimel að heimili mínu. Ég borðaði heima í hádeginu og dvaldist þar í um það bil eina klst. Um kl. 13.00 ók ég að Ránargötu 28, en þar býr móðir mín. Faðir minn var þar staddur, en hann snæðir yfirleitt alltaf þar í hádeginu. Ég stoppaði í smástund á Ránargötunni, en síðan fórum við pabbi báðir að Dallandi 9, en þar býr fyrrverandi eiginkona mín, Hafdís Árnadóttir. Við pabbi stoppuðum hjá Hafdís í um það bil 20 mín. Síðan ókum við pabbi niður í miðbæ, og fór pabbi í Almennar Tryggingar, en ég ók vestur á Reynimel til að ná í kvittun, sem ég hafði gleymt heima. Síðan fór ég í Almennar Tryggingar aftur og hitti pabba við suðurdyrnar á Hótel Borg. Ég ók síðan að Hverfisgötu 8-10 og lagði bifreiðinni þar. Ég gekk síðan að Verzlunarbbankanum og lagði þar kr. 4.000.00 inn á reikning Hafdísar. Síðan ók ég að Tollstöðvarhúsinu í Tryggvagötu og hitti pabba þar, en síðan ókum við pabbi að Dallandi 9 aftur og stoppuðum hjá Hafdís í um það bil 20 mín. Síðan fórum við pabbi að skrifstofu Loftleiða á Reykja-

víkurflugvelli, en þangað komum við kl. 15.40. Ég fór upp á skrifstofuna og talaði við Sigfús Bjarnason, sem þar vinnur, en hann bað mig að aka sér heim til sín kl. 16.00. Ég beið úti í bílnum til kl. 16.00, en þá ókum við pabbi honum heim að Æsufelli 4. Þar var þá fyrir móðir mín, og stoppuðum við pabbi þar til kl. 17.30 eða um það bil.

Síðan ók ég mömmu og pabba vestur á Ránargötu. Þar stoppaði ég í skamma stund, en ók síðan að Dallandi 9. Hafdís var að elda matinn, og beið ég þar, meðan verið var að borða. Um kl. 18.40 ók ég að Nýja Bíói ásamt tveimur sonum mínum. Við fórum í sjö bíó og vorum þar til kl. 21.00, en þá ók ég strákunum heim til þeirra. Ég stoppaði smástund hjá Hafdísi, en þaðan fór ég til móður minnar á Ránargötu. Þar stoppaði ég í mjög skamma stund, en pabbi kom með mér, þegar ég fór, og fórum við beint heim að Reynimel. Þar sátum við pabbi og spjölluðum saman til um kl. 22.30, en fórum síðan að háttu.

Ingólfur Árnason, faðir minn, hefur búið í tæpt ár hjá mér að Reynimel 84.

Ég hefi gefið ofangreindan framburð eftir besta minni, og eru þar með taldar tímasetningar.“

Við athugun á íbúð ákærða að Reynimel 84, þegar hann var sóttur til yfirheyrslu umræddan dag, sáu lögreglumenn ógreinilega blóðbletti á eldhúsgólfi inni við eldhúskrök, og einnig fannst blóðdropi á salernisgólfi rétt við salernisskál. Lögreglumenn framkvæmdu leit í sorptunnum umrædds húss, og var greinilegt að nýbúið var að losa úr tunnum, því aðeins ein tunna, hálf-full, stóð undir sorprennu. Í tunnu þessari fundu þeir m. a. mikið magn lyfja, sem nýverið hafði verið fleygt, og voru lyfin öll merkt ákærða, og var gerð sérstök skrá yfir þessi lyf, sem fylgdu skýrslum rannsóknarlögreglu. Var hér aðallega um að ræða lyfin Tryptizol, Mogadon og Trilafon.

Að morgni laugardagsins 28. ágúst kom fyrir rannsóknarlögregluna Þorsteinn Jónsson lögregluvarðstjóri, Hæðargarði 14 hér í borg. Skýrði hann svo frá, að um hádegisbil síðastliðinn fimmtudag hefði hann ekið bifreið sinni austur Miklubraut. Með honum í bifreiðinni hafi verið eiginkona hans, Áshildur Emilsdóttir. Á móts við hús nr. 16 á Miklubraut hafi hann tekið eftir manni, sem hann hafi þekkt sem Ásgeir Ingólfsson, fyrrverandi sjónvarpsþul. Hafi hann mjög greinilega séð, að þetta var ákærði, og bent eiginkonu sinni á manninn. Taldi hann, að ákærði hefði verið í grábrúnleitum jakkafötum, sennilega yrjöttum eða tein-

óttum. Taldi hann ákærða mann mjög auðþekkjanlegan, frekar háan vexti, grannan með ljóslitað hár og höfuðlítinn. Kvað hann ákærða hafa gengið vestur Miklubraut og haldið á einhverjum hlut undir hægri hendi. Ekki gat hann gefið nákvæma lýsingu á þessum hlut, en sér hafi sýnst þetta vera frekar fyrirferðarmikill hlutur. Þetta gæti hafa verið á stærð við skjalamöppu, en þó nokkuð þykkara að því er virtist. Hann kvaðst hafa ekið austur Miklubraut á vinstri akrein og áætluð fjarlægð frá honum að ákærða hafi verið u. þ. b. 6—7 metrar. Skyggni hafi verið gott þennan dag.

Eiginkona Þorsteins, Áshildur Emilsdóttir, kom einnig fyrir rannsóknarlögregluna sama dag og skýrði þar svo frá, að rétt fyrir klukkan 1200 umræddan fimmtudag hefði hún og eigindaður hennar verið á leið austur Miklubraut í bifreið þeirra. Á móts við Eskihlíð og Miklubraut hafi Þorsteinn sagt, að þarna væri „fréttamaðurinn okkar“, og benti á mann, sem staddur var við hornhúsið á Miklubraut og Eskihlíð. Hún kvaðst hafa litið á manninn og séð hægri hlið hans og minnti, að þetta hafi verið hávaxinn maður í ljósteinóttum jakkafötum. Ekki sá hún andlit hans, en taldi, að hann hafi verið ljóshærður. Hann hélt á einhverju í hægri hendi, en nánari lýsingu gat hún ekki gefið á því, hvað það var. Hún sá ekki manninn svo greinilega, að hún teldi sig geta þekkt hann aftur.

Sama dag kom fyrir rannsóknarlögregluna Geir Hilmar Haarde, Miklubraut 18, blaðamaður að atvinnu. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið að fara frá heimili sínu um kl. 1200 á hádegi sl. fimmtudag og hefði hann þá ekið frá Miklubraut 18 til austurs og beygt inn Engihlíð. Á móts við hús nr. 32-34 hafi hann séð ákærða á gangi vestur Miklubraut. Hann kvaðst ekki hafa tekið vel eftir klæðaburði ákærða, en taldi, að hann hefði verið í bláum, hálf síðum frakka. Hann kvaðst vera alveg viss um að þekkja ákærða í sjón. Ekki mundi hann, hvort ákærði var með eitthvað í höndum, en minnti þó frekar, að svo hefði verið. Hann kvaðst hafa veitt því athygli, að ákærði virtist vera þreytulegur og álútur. Hann kvaðst ekki þekkja ákærða persónulega, en kvaðst muna eftir honum sem fréttamanni í sjónvarpi og auk þess hafi hann áður séð hann á götu. Hann kvað ákærða hafa gengið á gangstéttinni sunnan megin Miklubrautar. Kvaðst hann aðeins hafa séð hann, á meðan hann ók eftir Miklubraut, áður en hann beygði inn í Engihlíð, en þá hafi hann misst sjónar á honum og hafi hann ekki séð til ferða hans eftir þetta.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni sama dag skýrði ákærði svo frá um kynni sín af húsráðendum að Miklubraut 26.

„Þann 5. júní 1975 skildi ég við konu mína Hafdísi, og þá flutti ég af heimili okkar, Dallandi 9. Ég var þá húsnæðislaus, og þá var það, að systir mín Ingunn kom mér í samband við vinkonu sína Ólöfu Magnúsdóttur, Miklubraut 26, en Ólöf átti íbúð á Reynimel 84. Það varð úr, að Ólöf leigði mér þessa íbúð sína um óákveðinn tíma, þó þannig, að ég hafði ekki alla íbúðina á leigu, því í hluta hennar, nánar tiltekið svefnherberginu, geymdi hún þá búshluta, sem ég ekki fékk afnot af samkvæmt samningi okkar. Ég fór því aldrei þangað inn, nema ég fékk að geyma þar hluti mér tilheyrandi, en ekki til íveru.

Upp úr þessu hófst svo kunningsskapur okkar Ólafar, sem varð síðar öllu nánari, og mun það hafa verið síðla hausts í fyrra, að móðir Ólafar, nafna hennar, fór erlendis, og þá fórum við Ólöf að vera hvort hjá öðru að nóttu til, ýmist heima hjá þeim mæðgum að Miklubraut 26 eða heima hjá mér í íbúð Ólafar á Reynimelnum. Mér er því að sjálfsögðu vel kunnugt um herbergjaskipan á heimili Ólafar Möller.

Það var svo eftir að ég lenti í yfirheyrslum hjá lögreglunni vegna svonefnds „Héðinsmáls“ á síðasta ári, að við slitum öllum nánum tengslum okkar á milli. Eftir þetta hafa þau verið mjög eðlileg þannig að hún sem leigusali og ég leigutaki, utan einu sinni, að ég hugðist endurvekja vinskap okkar og bauð Ólöfu Magnúsdóttur út að borða, en þá fannst mér viðmót hennar vera þannig, að um frekari endurvakningu á vinskap okkar nánar var ekki fyrir hendi.

Ég sagði í skýrslu í gær hjá Gísla Guðmundssyni, að ég hefði haft lykla undir höndum að íbúðinni á Miklubraut 26, en þá átti ég við, að ég ók stundum bifreið Ólafar, sem er Fiat, og minnr mig, að á lyklakippu bílsins hafi verið tveir frekar en þrjár lykjar og þar af einn húslykill. Ég hafði ekki í annað skipti lykja að húsinu á Miklubraut 26, nema sem einn lykja á lyklakippunni, þegar ég var að aka bílnum.

Ég hef ekki komið inn fyrir dyr á Miklubrautinni nr. 26 síðan seint í vetur eða vor, því þótt ég hafi verið að koma með húsaleiguna heim til þeirra mæðgna, fór ég aldrei inn, nema þá kannske í fremri forstofuna, en innar ekki“.

Ákærði var nú tekinn til yfirheyrslu fyrir dómi og honum skýrt frá því, að hann væri grunaður um að vera viðriðinn lát Lovísu Kristjánsdóttur. Vísaði hann til fyrri framburðar síns hjá

rannsóknarlögreglu og mótmælti því, að hann ætti nokkurn hlut að þessu máli. Var honum kynntur framburður vitnanna Þorsteins Jónssonar, Áshildar Emilsdóttur og Geirs Hilmars Haarde um, að hann hafi verið staddur á Miklubraut um hádegisbil 26. ágúst. Mótmælti hann því, að hann hafi verið staddur á Miklubraut á umræddum tíma. Á þessum tíma hafi hann verið staddur einn á heimili sínu. Hafi hann komið þangað upp úr klukkan 1100 og verið þar til um klukkan 1300, en þá hafi hann farið að Ránargötu 28, þar sem hann sótti föður sinn. Vildi hann að öðru leyti ekki tjá sig frekar um málið á þessu stigi. Að yfirheyrslu þessari lokinni var hann úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Húsráðandi að Miklubraut 26 var Ólöf Stefanía Möller. Hinn 26. ágúst sl. var hún í London ásamt dóttur sinni, Ólöfu Kristínu Magnúsdóttur, en þær höfðu farið þangað þriðjudaginn 24. ágúst. Var ætlun þeirra að dveljast þar í um það bil 10 til 14 daga. Þær mæðgur komu heim að beiðni rannsóknarlögreglunnar hinn 29. ágúst vegna máls þessa. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag skýrði Ólöf Stefanía Möller svo frá, að hún hefði farið með lykla sína með sér og það hefði Ólöf dóttir sín einnig gert. Lykil að húsinu hafi haft Lovísa Kristjánsdóttir og einnig Elísabet Möller, Sporðagrunni 13. Hún kvað Lovísu Kristjánsdóttur hafa hjálpað sér til við húsverk síðastliðin 4—5 ár og hafi hún tekið að sér nú eins og áður að taka til í íbúðinni og líta eftir henni, á meðan þær væru í burtu. Þetta hafi hún gert, eftir að þær kynntust, og hafi hún reynst sér mjög vel, og vissi hún ekki til þess, að nokkrum væri illa við Lovísu.

Ekki vissi Ólöf til þess, að ákærði hefði verið með lykla að húsi sínu, en hún vissi, að húslykill var á bíllyklakippu dóttur hennar, og vissi hún til þess, að ákærði hefði fengið bíl hennar lánaðan í a. m. k. eitt skipti. Hann hafi þá komið heim til sín og talað við dóttur sína og sagt henni, að sprungið hafi hjá sér og beðið hana að lána sér bílinn til að láta gera við dekkið. Fékk hann bílinn og skilaði honum fljótt aftur.

Ólöf Kristín Magnúsdóttir, dóttir Ólafar Stefaníu Möller, hefur skýrt svo frá um kunningsskap sinn og ákærða, að hún hafi verið vinkona systur hans frá því þær voru telpur, en tilefni nánari kynna hafi verið það, að ákærði skildi við konu sína og vantaði húsnæði. Færði systir hans það þá í tal við Ólöfu Kristínu, hvort hún gæti leigt ákærða íbúð hennar, sem stóð auð, að Reynimel 84, og varð það úr, að hún féllst á að leigja ákærða.

Tókust upp úr þessu nánari kynni með þeim, og er móðir hennar fór til útlanda haustið 1975, urðu kynni þeirra enn nánari, og voru þau þá oft hvort heima hjá öðru. Ákærði hafi oft fengið bíl hennar lánaðan, þegar bíll hans var ekki í lagi, en lykkill að Miklubraut 26 var á lyklakippu, er fylgdi bíllyklum.

Þegar hið svokallaða Héðinsmál kom upp, sagði Ólöf Kristín, að þau hefðu slitið öllum samskiptum. Þau hafi ekki orðið óvinir, en ræddust ekki við nema það nauðsynlegasta. Hún minntist þess, að fyrir nokkru hefði hún lánað ákærða bíl sinn, en þá var hún stödd heima hjá sér, er hann kom, og hafði þá sprungið á bíl hans, að hann sagði, og óskaði hann eftir að fá bíl hennar lánaðan til þess að fara og skipta um hjólbarða, og varð hún við þessari beiðni.

Hún sagði, að vikuna áður en hún fór til útlanda hafi ákærði hringt til sín og rætt við hana um það, að hann skuldaði tveggja mánaða húsaleigu, en þá frétti hann af því, að þær mæðgurnar væru að fara úr landi og eins hvenær þær ætluðu að koma aftur.

Næstu daga eftir að ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald gáfu sig fram við rannsóknarlögreglu ýmis vitni, sem kváðust hafa séð ákærða á Miklubraut eða í nágrenni fimmtudaginn 26. ágúst. Einnig gáfu sig fram þrjú vitni, starfsfólk á sorphaugunum í Gufunesi, sem töldu sig hafa séð ákærða þar umræddan dag. Öll hafa þessi vitni komið fyrir dóm og staðfest þar frásagnir sínar, svo og hafa komið fyrir dóminn þau vitni, er áður voru nefnd, þ. e. Þorsteinn Jónsson, Áshildur Emilsdóttir og Geir Hilmar Haarde, og staðfest framburð sinn hjá rannsóknarlögreglu, er rakinn var hér að framan. Verður hér á eftir gerð grein fyrir framburðum þeirra vitna, sem komið hafa fyrir dóm og skýrt frá ferðum ákærða umræddan dag.

Vitnið Ásgeir Halldórsson framkvæmdastjóri, Arnarhrauni 15, Hafnarfirði, 30 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi komið til sín að Mávahlíð 41 að morgni fimmtudagsins 26. ágúst, en vitnið rekur þar verslun. Hafi þeir verið búnir að ræða um það áður, að ákærði kæmi, og var tilgangurinn með komu hans að ræða um verslun með veiðileyfi. Vitnið var stutt í eldhúsi hjá móður sinni, er ákærði kom, og kom ákærði fyrst þangað, en síðan fóru þeir í kjallara, þar sem verslunin er. Vitnið sagði, að þegar það fór að rifja upp þetta atvik, er það heyrði, að ákærði var bendlaður við lát Lovísu Kristjánsdóttur, en það var næsta mánudagsmorgun, hafi það fyrst talið, að ákærði hafi komið til sín klukkan 1110. Er það hafi rætt við móður sína, hafi

hún ákveðið haldið því fram, að þetta hafi verið fyrr um morguninn, jafnvel fyrir kl. 1000. Minnti vitnið, að það hefði litið á klukku, þegar það sá ákærða koma á bifreið sinni að húsinu, og hafi klukkan þá verið komin 10 mínútur fram yfir þann tíma, er ákærði ætlaði að mæta hjá vitninu. Gæti þetta hafa verið kl. 1010, enda þótt vitnið hafi fyrst minnt, að það hafi verið klukkutíma seinna. Taldi vitnið, að ákærði hefði haft viðdvöl hjá sér í 15—20 mínútur. Ekki ræddi ákærði um það, hvert hann væri að fara, er hann fór frá vitninu, en það minnir, að hann hafi sagt, að hann þyrfti að hitta einhvern. Hafi hann farið í bifreið sinni og ekið austur götuna, enda sé einstefna á henni. Vitnið minntist þess sérstaklega, að ákærði hefði verið í útliti eins og hann væri sjúkur.

Vitnið Birgir Sigurjónsson tæknifulltrúi, Fögrukinn 15, Hafnarfirði, 38 ára að aldri, skýrði svo frá, að það hefði ekið austur Miklubraut um kl. 1210 umræddan fimmtudag, og kvaðst það vera nokkuð visst um þessa tímasetningu. Rétt áður en vitnið kom að gatnamótum Eskihlíðar og Miklubrautar, sá það ákærða rétt austan við þessi gatnamót á móts við göngubraut, sem liggur yfir Miklubraut. Gekk hann í vestur eftir gangstétt sunnan megin götunnar. Vitnið kvaðst alveg visst um, að þetta hafi verið ákærði. Það hafi oft séð hann áður og telur jafnvel, að það hafi þekkt hann þegar sem barn eða unglingur, er það ólst upp í Vesturbænum, en það þekkti hann þó ekki persónulega. Vitnið gat ekki lýst fötum ákærða greint sinn öðruvísi en svo, að þau hafi verið mislit, jakki hafi verið með öðrum lit en buxur. Vitninu fannst fas ákærða öðruvísi en það átti von á, þar sem hann hafi ekki verið eins snyrtilegur, eins og vitnið hefur venjulega talið hann vera, og nálgadist að vera „sjúkskaður“. Vitnið var nokkuð visst um, að ákærði hafi ekki verið með neitt í höndum. Það sagði þó, að eitthvað í sambandi við handaburð hans hafi vakið athygli sína, þótt það gæti ekki gert sér fyllilega grein fyrir því, hvað það var. Annað hvort hafi það verið, að hann hafi verið með hendur djúpt í buxnavösum eða kæruleysislega lausar niður með síðum.

Vitnið Guðmundur Þorvar Jónasson verslunarmaður, Þinghólsbraut 48, Kópavogi, 30 ára að aldri, skýrði svo frá, að það hefði ekið austur Miklubraut um kl. 1030 fimmtudaginn 26. ágúst sl. Var það mjög visst um þennan tíma. Það kvaðst hafa séð ákærða á hægri hönd við sig, þ. e. sunnan götunnar, og var hann rétt austan við gatnamót Rauðarárstígs og Miklubrautar.

Gekk ákærði í austur, og hélt hann á tveim töskum. Í vinstri hendi hélt hann á skjalatösku, sem var nokkuð stór og dökkleit. Í hægri hendi hélt hann á innkaupatösku, sem einnig var nokkuð stór með tveim hönkum, og gat vitnið ímyndað sér, að hún hafi verið með rennilás. Vitnið tók ekki eftir lit hennar. Vitnið tók heldur ekki sérstaklega eftir fötum ákærða, en sagði hann ekki hafa verið með höfuðfat. Því fannst ákærði vera þreytulegur eða „slappur“, eins og honum hefði hrakað.

Vitnið Guðbjörg Edda Eggertsdóttir lyfjafræðingur, Reykjavíkurvegi 10, Hafnarfirði, 25 ára að aldri, kvaðst hafa gengið eftir Eskihlíð frá Miklubraut á gangstétt vinstra megin að morgni 26. ágúst síðastliðinn. Rétt er vitnið kom að mótum Eskihlíðar og Mjóuhlíðar, mætti það ákærða, sem gekk í gagnstæða átt við vitnið, þ. e. í átt að Miklubraut. Vitnið kvaðst vera visst um, að þetta hafi verið ákærði, en það þekkti hann úr sjónvarpi. Það sagði, að ákærði hafi verið snyrtilegur til fara, en tók ekki sérstaklega eftir fötum hans eða lit þeirra. Hann hélt á einhverju, en vitnið var ekki visst um, hvað það var, en það gæti hafa verið frakki og taska. Vitnið kvaðst ekki hafa litið á klukku um þetta leyti, svo það muni, og geti því ekki tímasett þetta náíð. Eftir að hafa hugsað um þetta töluvert, telur það líklegast, að þetta hafi verið einhvern tíma á bilinu frá kl. 1030 til 1100. Telur það sjálfsgagt líklegra, að þetta hafi verið nær 1030, en samstarfsstúlka vitnisins telur, að það hafi komið á vinnustað, Mjóuhlíð 2, nær klukkan 1100.

Vitnið Kristján Albert Kristjánsson húsgagnasmiður, Snælandi 6, 33 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að einhvern dag umrædda viku hafi það ekið Miklubraut á leið inn í Fossvog, og er það ók fram hjá húsi númer 22 við Miklubraut, sá það ákærða, sem það þekkti vel í sjón, koma gangandi á móti sér eftir gangstéttinni við hús númer 22. Það mundi ekki, hvernig hann var klæddur, en hann hafi, að því er það minnti, verið með frakka eða eitthvað slíkt yfir handleggnum og haldið á skjalatösku í hendinni. Hafi taskan verið eins og tvöfalt v að neðan og svo smábelgur, er mjókkaði upp. Þetta hafi annað hvort verið kl. 1200 eða um kl. 1900, því að það fari þarna daglega um á þessum tímum, eða um kl. 1145—1200. Mundi vitnið ekki, hvort þetta var um hádegið eða kvöldið. Vitnið var ekki í neinum vafa um, að það hafi verið ákærði, er það sá. Það þekkti hann þó ekki persónulega, en hafði bæði séð hann í sjónvarpi svo og í sam-

bandi við starf ákærða hjá Stangaveiðifélaginu, en vitnið stund-
ar töluvert stangaveiði.

Vitnið Gunnar Þorláksson húsasmiður, Kötlufell 3, 21 árs að
aldri, skýrði svo frá, að á tímabilinu frá kl. 1215—1230, þó lík-
lega nær kl. 1230, hinn 26. ágúst sl. hafi það ekið vestur Miklu-
braut, en það hafði verið að koma ofan úr Breiðholti. Vitnið
stöðvaði bifreið sína við umferðarljós á mótum Miklubrautar og
Réttarholtsvegur, en vitnið var á vinstri akrein. Sá vitnið þá
bifreið ákærða stöðva við hlið bifreiðar sinnar við ljósin, og var
hún á hægri akrein. Var ákærði í bifreiðinni. Vitnið kveðst hafa
þekkt ákærða strax og einnig hafi það oft séð hann á bifreið
þessari, einkum við Æsufell 4, þar sem vitnið kom daglega til
að sækja barn sitt úr gæslu, og sagði það, að ákærði hefði komið
þarna mjög oft og jafnvel virst búa þarna að einhverju leyti.
Kvað vitnið bifreið ákærða vera rauðan Mustang með svörtum
röndum á vélarhlíf.

Vitnið kvað það hafa vakið athygli sína, að ákærði varð eftir
á gatnamótunum, og sá vitnið í baksýnispegli, að bifreiðin stóð
kyrr, á meðan vitnið ók yfir gatnamótin, og virtist sem vélin
hefði drepit á sér. Ekki sá vitnið neitt sérstakt, sem því fannst
athugasvert við útlit ákærða.

Vitnið Ragnar Geir Guðjónsson verkamaður, Kötlufell 11, 25
ára, hefur skýrt svo frá, að það hafi fimmtudaginn 26. ágúst séð
rauða Mustang bifreið koma á sorphaugana í Gufunesi, þar sem
vitnið vinnur. Bifreiðin hafi fyrst komið beint úr hliðinu og í
átt niður að skúr, þar sem vitnið var að gera við bíl. Bifreiðar-
stjórinn hafi komið út úr bifreiðinni með lykla í hendinni og
ætlað að fara að ganga aftur fyrir bílinn, en þá benti vitnið
honum á, að það mætti ekki tæma rusl þarna, og benti honum á
að fara niður fyrir, þar sem flekarnir voru. Hafi bifreiðarstjór-
inn ekið þangað, en vitnið fylgdist ekki með honum og sá hann
ekki henda neinu rusli. Vitnið leit ekki á númer bifreiðarinnar,
en tók eftir, að hún var með gærur í framsætum. Bifreiðarstjór-
inn hafi verið frekar hár maður með gráspengt hár, og minnti
vitnið, að hann hafi verið með sólgleraugu og í dökkum jakka
og ljósum buxum. Vissi vitnið ekki, hver bifreiðarstjórinn var,
en þegar það hafi farið að rifja þetta upp við starfsfélaga sína
á eftir, þá var það vissst um, að þetta hafi verið ákærði. Vitnið
mundi eftir því, að vélarhlífin á umræddri bifreið var svört að of-
an, og mundi ekki betur en loftinntak væri ofan á hlífinni. Vitnið

taldi, að þetta hefði verið einhvern tíma í kringum kl. 1500. Það taldi útilokað, að þetta hefði verið í hádeginu milli kl. 1200 og 1300.

Vitnið Erna Gunnarsdóttir nemandi, Barmahlíð 47, 20 ára að aldri, sem einnig starfaði á sorphaugunum í Gufunesi, hefur skýrt mjög svipað frá komu rauðrar bifreiðar á sorphaugana umræddan dag. Það kveðst þó ekki hafa þekkt ákærða. Það tók sérstaklega eftir bifreiðinni vegna gæru, sem var á framsæti hennar. Um tímasetningu kvaðst vitnið ekki muna annað um þetta en það hafi verið eftir mat. Matartími sé venjulega til kl. 1300, en ef mikið sé að gera, sé jafnvel byrjað aftur kl. 1230. Vitnið taldi líklegt, að það hafi byrjað að vinna fljótt eftir matinn, þ. e. í hádeginu umræddan dag, þar sem það var eitt að vinna við ýtu, en hinir tveir starfsmennirnir hafi unnið við viðgerðir. Það gæti hafa verið hvenær sem er á þessu tímabili, að umræddur bíll hafi komið þarna, þ. e. eftir að það hóf vinnu eftir matinn, en það geti ekki munað um það með neinni vissu, hvenær þetta var.

Vitnið Gísli Þórður Geir Magnússon verkstjóri, Iðufelli 2, 27 ára að aldri, var einnig að störfum á sorphaugunum í Gufunesi í umrætt sinn. Það kveðst hafa orðið vart við, að ákærði kom að sorphaugunum fimmtudaginn 26. ágúst síðastliðinn, en treystir sér ekki til að fullyrða neitt um tímasetningu, er hann kom, en fannst líklegur tími um kl. 1400. Kvaðst vitnið alveg visst um, að þarna væri um að ræða ákærða. Það tók ekki eftir því, hvernig hann var klæddur, en það vakti athygli þess, hvað hann hefði breyst frá því hann var í sjónvarpinu. Fannst því eins og hann hefði gengist fyrir og elst. Einmitt fyrir það, hvað sér hafi fundist ákærði hafa breyst, hafi það veitt honum sérstaka athygli. Það veitti bíl hans ekki sérstaka athygli, nema hvað því virtist sæti hans vera gæruskinnsklædd.

Vitnið Guðni Þorberg Theodórsson bensínafgreiðslumaður, Smiðjuvegi 13, Kópavogi, 50 ára að aldri, hefur skýrt frá því, að um hádegisbilið fimmtudaginn 26. ágúst hafi ákærði komið í bifreið, rauðri að lit, af Mustang gerð, að vitnið taldi, að bensínstöð Esso hjá Nesti h/f við Elliðaár, þar sem vitnið starfar. Nánar aðspurt um tíma sagði vitnið, að þetta kunni að hafa verið á milli 1200 og 1230, en telur þó, að þetta hafi verið nær kl. 1200. Vitnið var að byrja á uppgjöri fyrir daginn, en það átti að hætta vinnu kl. 1300. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða, þótt það hafi aldrei áður séð hann nema í sjónvarpi. Það kvaðst hafa

ætlað út til að afgreiða hann, en hann hafi snarast út úr bifreiðinni og komið inn í afgreiðsluna. Fannst vitninu hann vera flóttalegur og taugaóstyrkur og var að velta fyrir sér, hvort hann kynni að vera undir einhvers konar áhrifum. Ákærði hafi beðið um að fá að hringja, og fékk hann það. Vitnið kvaðst aðeins hafa lagt eyrun við því, sem hann sagði í símann, vegna gruns síns um, að hann væri undir áhrifum. Heyrði vitnið, að hann sagði, að hann hefði tafist niðri í bæ. Þyrfti hann að skreppa út fyrir bæinn, en yrði fljótur. Taldi vitnið, að hann ræddi við eiginkonu sína, en það gat ekki sagt neitt um það, hvort hann talaði við kvenmann eða karlmann. Ákærði fór síðan þegar á brott og ók austur yfir gömlu Elliðaárbrýrnar, en vitnið fylgdist ekkert frekar með ferðum hans. Það segir, að hann hafi farið úr afgreiðslunni án þess að bjóða borgun fyrir símtalið. Það taldi, að ákærði hafi komið að afgreiðslunni úr vesturátt. Það kvað mögulegt, að ákærði hafi verið þarna um kl. 1230.

Að morgni hins 1. september 1976 óskaði ákærði þess að fá að ræða einslega við Karl Schütz, þýskan sakamálasérfræðing, sem starfaði við sakadóm Reykjavíkur um þetta leyti og hafði meðal annars tekið þátt í rannsókn þessa máls. Var orðið við þessari beiðni ákærða, og að loknu samtali hans við Karl Schütz tók hinn síðarnefndi af honum skýrslu í viðurvist Péturs Eggerz sendiherra og Gísla Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns. Í skýrslu þessari er orðrétt haft eftir ákærða í þýðingu Baldurs Ingólfssonar, dómtúlks í þýsku:

„Í morgun það ég um að mega tala einslega við Karl Schütz. Nú vildi ég segja eftirfarandi:

Ég er hinn seki. Ég svipti konuna lífi. Ég hafði lykil að húsinu. Ég lét smíða lykilinn. Ég veit ekki, hvað verkstæðiseigandinn heitir, en ég get bent á verkstæðið.

Ég fór inn í húsið Miklubraut 26 til að sækja frímerkjasafn. Það var skömmu eftir kl. 11.30 þann 26. 8. 1976. Ég notaði lykil þann, sem var í minni vörslu, og gat opnað dyrnar án erfiðleika. Um þetta leyti var enginn í húsinu. Ég fór niður í kjallara og leitaði að frímerkjasafninu í geymslu þar. Þar eð ég fann það ekki þar, fór ég upp í svefnherbergin. Þar fann ég safnið ekki heldur, en í stað þess ýmsa aðra hluti. Það voru skartgripir. Ég skal á eftir sýna, hvar þeir hlutir eru, því að þeir liggja í húsi við hliðina á íbúð föður míns. Þegar ég fór inn í húsið, hafði ég meðferðis bláa, langa tösku af þeirri tegund, sem er notuð undir íþróttadót. Í töskunni voru bílaverkfæri, þar á meðal sívalt, um

það bil 60 sm langt járn, sem ég notaði við að taka hjólin af bílnum mínum og setja þau á, nánar til tekið við að taka hjólkoppana af á veturna.

Því næst gekk ég niður í kjallara og aftur inn í geymsluna, en úr henni liggja dyr út í garð. Nú fann ég frímerkjasafnið. Þar eð ég hafði séð á efri hæðinni 20.000 krónur í reiðufé, fór ég aftur upp. Ég stakk peningunum í jakkavasa minn. Skartgripina og frímerkjasafnið lét ég fyrst í plastpoka, sem ég lét svo ofan í íþróttatöskuna, sem ég hafði meðferðis. Ég var enn uppi á efri hæðinni, þegar kona kom inn í húsið.

Nú segi ég sannleikann, ekkert nema sannleikann. Síðan hef ég verið í sjálfsmorðshugleiðingum. Ég kynnti mig fyrir konunni og sagði: „Nafn mitt er Ásgeir Ingólfsson. Þér vitið, hvað ég er að gera hér. Ég er kominn hingað til að finna (frímerkja)safn. Ég hef líka fundið ýmsa aðra hluti. Má ég láta þá, þar sem þeir voru?“ Ég sýndi henni lykilinn og sagði: „Hér er lykillinn.“ Konan sagðist heita Lovísa. „Ég er komin til að vökva blómin.“ Ég sagði við hana: „Viljið þér gefa mér tækifæri og gera lögreglunni ekki aðvart? Ég lofa, að ég læt allt á sama stað og það var á.“ Hún hugsaði sig um í eina mínútu eða tvær, svo sagði hún: „Nei, það mun ég ekki gera.“ Af þessu dró ég þá ályktun, að hún ætlaði ekki að gefa mér tækifæri, og spurði hana: „Af hverju gerið þér það ekki, ef ég læt allt aftur á sinn stað?“

Það kom til nokkurrar viðræðu við hana, og á meðan samtalið stóð yfir, sagði hún þrisvar *nei* við mig.

Ég svaraði: „Hvers vegna ekki, hvers vegna ekki, kæra frú Lovísa. Verið þér svo væn að gefa mér eitt tækifæri.“

Hún gekk þegjandi til dyra. Ég sá, að hún ætlaði að fara í skóna og varð ofsalega hræddur. Svo tók ég upp úr töskunni járníð, sem ég nefndi áðan, og lamdi hana hvað eftir annað aftan frá í höfuðið. Ég veit ekki, hvað kom yfir mig á þessu augnabliki. Það var skelfilegt æði. Konan hljóp aftur inn í stóra herbergið (= stofuna?). Svo datt hún sjálfkrafa niður tröppurnar. Ég fór á eftir henni og sló hana aftur. Ég held, að ég hafi ekki veitt henni högg framan á höfuðið. Það gæti verið, að hún hafi fengið högg framan á höfuðið, þegar hún datt niður. Svo lá hún á maganum við tröppurnar, og þá sló ég hana tvisvar eða þrisvar í hnakkann. Til þess notaði ég sama járnverkfærið. Hvort það voru tvö högg eða (þrjú), veit ég ekki nákvæmlega.

Ég man, að því næst fór ég inn í eldhúsið og þvoði járníð þar undir vatnshananum.

Svo gekk ég upp með járníð og settist við skrifborð í setu- stofunni. Ég veit (man) ekki, hve lengi ég sat þar.

Því næst lét ég járníð niður í ípróttatöskuna mína og fór út úr íbúðinni um aðaldyrnar.

Í fyrstu ætlaði ég mér að skemma bakdyrnar þannig, að svo líti út, sem brotízt hefði verið inn.

Ég gekk að bílnum mínum, sem stóð á bílastæðinu við Eski- hlíð. Af því að ég ætlaði að losa mig við ípróttatöskuna mína, ók ég að öskuhaugunum fyrir utan borgina. Þegar ég kom að litla kofanum þar, kallaði maður til mín og spurði, hvort ég ætlaði að fleygja einhverju, og sagði: „Gangið þér þarna að jarðýtun- um.“ Ég gerði það og stakk töskunni minni í gráan plastpoka, eftir að ég hafði tekið upp úr honum nokkra dagblaðapakka. Því næst lagði ég blaðapakkana ofan á.

Ég var enn sleginn miklu flemtri. Mikill sviti rann niður and- lit mér. Ég ók til baka frá öskuhaugunum og leit á klukkuna. Nú mundi ég fyrst eftir því, að faðir minn og ég höfðum talað um það, hvort ég hefði möguleika á að sækja móður mína. Ég stanz- aði við Ezzo-stöðina við brúna og spurði afgreiðslumanninn, hvort ég gæti fengið að hringja. Hann játaði því, og ég hringdi í föður minn og lofaði að hitta hann að hálf tíma liðnum.

Því næst ók ég heim. Ég fór úr jakkanum og varð þess var, að blóð var á hægri ermi jakkans og einnig á hægri ermi svartrar skyrtu, sem ég var í. Ég nuddaði skyrtuna með sápu og því næst með handklæði, sem hangir í baðherberginu. Ég var enn mjög sveittur. Svo fór ég í bláa „blazer“-jakkann minn.

Þegar ég leit á armbandsúrið mitt, sá ég, að klukkan var 1300. Því næst fór ég með jakkann minn í fatahreinsunina við Nesveg. Ég veit ekki, hvað hreinsunin heitir, en ég get bent á hana.

Þetta er fyrsti glæpur, sem ég frem á æfi minni. Hitt þjófnaðar- málið (Héðinsmálið) er mér algerlega óviðkomandi. Það var bara vitleysa úr rannsóknarmönnum.

Athugasemd:

Þegar hér var komið, er hinum ákærða boðinn hádegisverður. Hann segist hafa fyrir fasta reglu að borða aldrei hádegisverð og einungis vilja fá tebolla, sem hann fær.

Hinn ákærði heldur áfram framburði sínum: Ég er fús til að fara með lögregluþjónum út á öskuhauga og benda þar á stað-

inn, þar sem ég stakk íþróttatöskunni í pokann. Ég skal líka benda á staðinn, þar sem ég faldi frímerkjasafnið og skartgripina. Það er í húsi við hliðina á íbúð föður míns. Einnig skal ég benda á fatahreinsunina, þar sem ég afhenti jakkann.

Ég verð nú að reyna að komast í sátt við guð og menn og að lifa áfram. Mér þykir óskaplega fyrir þessu. Aldrei hefði mér dottið í hug, að ég myndi gera nokkuð þessu líkt.

Ég er trúaður.

Ég bið um að gefa mér færi á að tala við föður minn síðar í dag.

Ég legg áherzlu á það atriði, að ég kom af fúsum og frjálsum vilja til þess, sem yfirheyrir mig. Ég hef engin dagblöð lesið síðan á föstudag.

Síðan ég framdi verknaðinn, hef ég eiginlega aðeins hugsað um tvennt, annað hvort að svipta mig lífi, en á það hef ég litið sem flótta frá ábyrgðinni fyrir guði og mönnum.

Þá átti ég einskis annars úrkosti en að segja allan sannleikann og þá von, að ég muni einhvern tíma geta lifað eðlilegu lífi með guði og mönnum og hjálpa sonum mínum (óljóst í handriti). Ég er á þessari stundu auðvitað í mikilli geðshræringu, en ég veit nákvæmlega, hvað ég hef sagt. Það er sannleikurinn.“

Að lokinni skýrslutöku hjá Karli Schütz fór ákærði með honum ásamt nokkrum rannsóknarlögreglumönnum til að vísa á hluti þá, sem rætt er um í skýrslu hans. Var fyrst farið að járnvöruverslun J. B. Péturssonar, Ægisgötu 4. Þar kvaðst ákærði hafa fengið lykilinn smíðaðan fyrir u. þ. b. einu ári. Þá var farið að Ránargötu 28, Stýrimannastígsmegin. Fór ákærði þar á bak við húsið, tók lykil undan járnplötubút, sem var á bak við húsið, og gekk lykillinn að hengilás, sem ruslaskúr var lokaður með, en skúrinn er byggður norðan við húsið. Þar inni tók ákærði poka, sem var hálfur af flöskum, og upp úr honum dró hann gulan plastpoka, sem í voru þeir hlutir, sem hann sagðist hafa stolið og haft á brott með sér frá Miklubraut 26.

Þessu næst var ekið að sorphaugum Reykjavíkurborgar í Gufunesi, þar sem ákærði kvaðst hafa hent gráum plastpoka, sem í var blá sporttaska, er hann hafði sett járníð í, sem hann grandaði konunni með. Einnig kvaðst hann hafa sett hanska í töskuna, sem hann hafði á höndum sér, þegar hann fór inn á Miklubraut 26, svo og lykil að húsinu. Þrátt fyrir leit þarna á staðnum fannst umrædd taska ekki.

Þá vísaði ákærði á fatahreinsunina Hraða, Ægissíðu 115, en

þar kvaðst hann hafa farið með jakka sinn í hreinsun. Var farið þangað og umræddur jakki sóttur, en hann hafði ekki verið hreinsaður heldur aðeins gufupressaður.

Ákærði kom til yfirheyrslu í sakadómi síðar sama dag. Staðfesti hann þar framangreinda skýrslu sína hjá Karli Schütz og skýrði sjálfstætt frá atburðum á sama hátt og þar er greint frá. Hann sagði þó, að hann hafi komið að Miklubraut 26 um það bil kl. 1030 umræddan dag. Hann kvaðst ímynda sér, að klukkan hafi verið rúmlega 11, þegar konan kom inn í húsið. Kvaðst hann hafa verið uppi á stigaskörinni, er hann heyrði, að útidyrnar voru opnaðar og einhver kom inn, og sá hann, að það var kona, sem hann þekkti ekki. Gekk hann niður stigann, heilsaði konunni með handabandi og kynnti sig með nafni. Konan kynnti sig einnig og kvaðst heita Lovísa, en hann heyrði ekki eftirnafnið. Hann sagði við hana, að hún hlyti að sjá, í hvaða tilgangi hann væri þarna. Sagðist hann vera með í höndum það, sem hann hefði tekið. Spurði hann hana, hvort hún vildi ekki gera við sig samkomulag, og bauðst hann til að afhenda henni lykilinn og setja á sinn stað hvern þann hlut, sem hann hefði tekið, ef hún lofaði að segja ekki til sín. Hugsaði hún sig um í eina til tvær mínútur, en svaraði þessu síðan neitandi. Kveðst hann síðan hafa beðið hana aftur mjög vel að verða við þessu. Hann kvað sér strax hafa orðið ljóst, er hann sá konuna, að dæmið væri gengið upp og hann hefði verið staðinn að verki. Mátti hann ekki til þess hugsa, að mál þetta yrði tilkynnt lögreglu og þannig gert opinbert. Í framhaldi af fyrrgreindum orðaskiptum spannst samtali milli hans og Lovísu, þar sem þau stóðu frammi við anddyrið. Kom þar fram í samtali þeirra, að hún kom inn í húsið til þess að vökva blóm. Hann ítrekaði beiðni sína um, að hún léti málið kyrrt liggja, en hún neitaði alls þrisvar sinnum. Spurði hann m. a., hvers vegna hún vildi ekki gefa sér þetta tækifæri, þar sem hann lofaði að afhenda henni lykilinn og skila öllu á sinn stað. Orðaði hann spurningu sína eitthvað á þessa leið: „Kæra frú Lovísa, hvers vegna viljið þér ekki gefa mér þetta tækifæri?“ Svaraði hún þessu ekki beint, en neitaði aðeins.

Ákærði var með tösku með sér, sem að jafnaði var í bifreið hans. Var þetta blá ípróttataska úr plasti, en tauklædd. Í henni voru ýmiss konar áhöld tilheyrandi bifreiðinni, svo sem skrúfjárn og lítið kúbein, er hann notaði til að taka vetrarhjólkoppa af bílnum. Tók hann töskuna með sér í þeim tilgangi að setja í hana það, sem hann kynni að taka með sér úr húsinu, og einnig

hafði það hvarflað að honum, að hann þyrfti að nota verkfæri til að opna læstar hirslur.

Ákærði sá, að konan bjóst nú til brottfarar og var búin að gefa sitt endanlega svar við beiðni hans. Gekk hún nú fram í anddyrið og bjó sig til að fara í skó, sem hún virtist hafa farið úr, er hún kom inn. Hann var gripinn ósegjanlegri hræðslu um, að ofan af málinu yrði flett. Greip hann mikil örvænting, tók kúbeinið upp úr töskunni og sló konuna með því, þar sem hún hallaði sér fram. Sló hann hana nokkur högg, og komu þau á hnakkann. Kveðst hann ekki vita, hvað þarna hafi komið yfir sig, en hann hafi verið sem gripinn æði. Konan datt ekki niður, heldur gekk inn í stofu út í horn, þar sem stigi liggur niður í kjallara. Féll hún niður stigann og þar á grúfu fyrir neðan. Fór ákærði niður stigann á eftir, og í þessu örvæntingarástandi, er á hann rann, sló hann hana aftur aftan til á höfuðið. Hann man ekki til að hafa slegið framan á höfuð hennar, en vera kunni, að höfuð hennar hafi slegist í stigahandrið í fallinu. Hann kvaðst ekki hafa hrint henni eða ýtt henni niður stigann. Konan reyndi ekki, svo hann muni til, að bera hönd fyrir höfuð sér eða taka í hann, á meðan á þessu stóð. Hann segir, að þetta hafi allt gengið fyrir sig á örskammri stundu og tekið, að því er hann telur, í mesta lagi 1—1½ mínútu. Hann vissi ekki, hve mörg högg hann veitti konunni. Sagði hann, að hún hefði verið hreyfingarlaus, er hann beygði sig niður að henni, er hann hafði veitt henni högginn fyrir neðan stigann. Lamaðist hann af hryllingi yfir því, sem við honum blasti, og þeim verknaði, er hann hafði framið. Gekk hann fram í eldhús, lét vatn renna þar á hluta kúbeinsins án þess að vita, í hvaða tilgangi það væri. Var hann með hanska á höndum, en blóð hafði komið á skyrtu hans og jakka og líklega einnig á hanskana. Gekk hann nú upp á loft, settist þar í stól fyrir framan skrifborð í stofunni og sat þar lengi, að því er honum fannst. Kvaðst hann ekki geta gert sér grein fyrir því, hversu langur tími þetta var. Sat hann þarna og hugsaði um verknaðinn. Eftir að hafa setið þarna, tók hann tösku sína og gekk út um aðaldyrnar. Gekk hann síðan vestur Miklubraut fyrir horn þeirrar götu og Eskihlíðar og að bifreið sinni, R 2076, sem er af Mustang gerð, árgerð 1970, að mestu rauð að lit, en með svörtum rákum á hliðum og vélarhlíf að hluta svört, sæti með gæruskinni, en bifreiðin stóð á bílaplani við neðstu blokkina í Eskihlíð.

Við yfirheyrslu í sakadómi 9. nóvember sl., skýrði ákærði svo

frá, að svo hafi virst sem konan hafi ætlað að ganga niður stigann, en hún hafi misst jafnvægið í einhverju af efstu þrepunum og fallið niður stigann. Hafi hún hreyft sig eitthvað, fyrst eftir að hún var komin niður, og í þann mund hafi hann slegið hana aftur. Aðspurður kvaðst ákærði búast við því, að konan hafi verið látin, er hann yfirgaf hana þarna fyrir neðan stigann. Hann kvaðst ekki hafa litið þarna niður aftur, eftir að hann fór upp, en hann hafi ekkert heyrt, sem benti til þess, að konan hafi hreyft sig. Þegar hann yfirgaf hana, lá hún vinstra megin við stigaskörina, og lá hún á grúfu.

Lögð hefur verið fram í málinu mynd af járnri, „kúbeini“, er aflað var eftir lýsingu ákærða, og hefur hann fyrir dómi staðfest, að sú mynd væri af sams konar járnri að lögun og hann var með greint sinn, en hann geti ekki fullyrt um, hvort það sé alveg af sömu stærð, þótt hann telji það líklegt. Kúbeinið er 49.5 cm langt og vegur 855 gr. Ákærði kvaðst hafa haldið í óbogna endann, er hann sló konuna, og hafi „hnakki“ járnins lent á konunni, þ. e. þar sem járníð beygir.

Faðir ákærða, Ingólfur Árnason, Ránargötu 28, 68 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að þeir ákærði hafi unnið mikið saman undanfarið, bæði við ritstörf og eins þýðingar, og til hagræðingar hafi vitnið oft sofíð heima hjá ákærða að Reynimel 84. Að morgni 26. ágúst hafi þeir vaknað á eðlilegum tíma, þ. e. um kl. 0730, og hafi þá klætt sig. Fóru þeir síðan út, og ók ákærði vitninu heim á Ránargötu, en fór síðan niður í borgina að sinna sínum erindagörðum. Það hafi svo ekki verið fyrir en um kl. 1300, að ákærði kom heim á Ránargötu, eða rúmlega það. Vitnið minntist þess, að ákærði hefði hringt til sín í hádeginu og sagst hafa tafist, en hann mundi koma fljótt. Var þetta vegna þess, að hann hafði lofað að aka móður sinni upp í Æsufell, og var hann að afsaka, að hann gæti það ekki. Um ferðir ákærða eftir hádegi þennan dag bar framburði vitnisins saman í meginatriðum við framburð ákærða, og taldi vitnið öruggt, að ákærði hefði aldrei verið einn umræddan dag, frá því að hann kom heim kl. rúmlega 1300 og þar til hann skildi við vitnið um kl. 1730, er hann fór að kaupa aðgöngumiða að kvikmyndahúsi.

Systir ákærða, Ingunn Anna Ingólfsdóttir, Æsufelli 4, 33 ára að aldri, hefur og skýrt frá ferðum ákærða síðdegis þennan dag í samræmi við frásögn ákærða svo og eiginmaður hennar, Sigfús Bjarnason. Hvorugt þeirra kvaðst hafa merkt neitt óeðlilegt eða óvenjulegt í fari ákærða dagana fyrir 26. ágúst. Vitnið Sigfús

Bjarnason kvað hann og hafa verið fyllilega eins og hann átti að sér að vera, er vitnið hitti hann síðdegis 26. ágúst.

Fyrirverandi eiginkona ákærða, Hafdís Árnadóttir íþróttakennari, Dalalandi 9, 37 ára að aldri, hefur einnig skýrt frá komu ákærða heim til sín síðdegis umræddan dag í samræmi við framburð ákærða. Vitnið kvaðst hafa hringt vestur á Ránargötu 28, þar sem foreldrar hans búa, kl. 0900 umræddan morgun, en ákærði var þar þá staddur. Það vitnið hann að sinna fyrir sig erindi í bænum, en hann taldi sig ekki hafa tíma, þar sem hann hefði ýmsu að sinna fyrir hádegi, m. a. þyrfti hann að annast sölu á veiðileyfum. Eitthvað fleira taldi hann upp, sem vitnið mundi ekki. Einhvern tíma eftir hádegi, líklega milli 2 og 3, hafi hann síðan komið heim til vitnisins ásamt föður sínum. Vitnið kvaðst ekki hafa merkt neitt óvenjulegt í fari ákærða þennan dag. Hann hafi að vísu verið fámáll, en það sé hann oft.

Ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til kunningskapar ákærða og Lovísu Kristjánsdóttur, né um, að þau hafi borið ákveðinn hug hvort til annars. Sambýlismaður Lovísu, Jónatan Hallgrímsson, hefur skýrt svo frá, að Lovísa hafi einu sinni sagt vitninu, að ákærði hefði komið að Miklubraut 26, er hún var stödd þar hjá Ólöfu Möller. Það vissi þó ekki til, að þau hefðu rætt saman, og telur, að þau hafi ekkert þekkt. Hafi aldrei komið neitt fram hjá Lovísu um slíkt eða um ákveðinn hug hennar til ákærða.

Vitnið Ólöf Stefanía Möller vissi ekki til, að þau Lovísa og ákærði þekktust persónulega, en það vissi, að Lovísa þekkti ákærða í sjón. Hafi hún eitt sinn verið að þvo glugga hjá vitninu á undanförunum vetri og þá sagt við vitnið, að ákærði væri að koma, og rétt í því hafi hann hringt dyrabjöllunni. Vitnið spurði Lovísu þá, hvort hún þekkti ákærða, og hafi hún svarað því til, að allir þekktu hann úr sjónvarpinu. Aldrei heyrði vitnið hana að öðru leyti nefna ákærða. Aldrei heyrði vitnið heldur ákærða tala um Lovísu. Það tók fram, að í umrætt sinn hefði ákærði aðeins komið í forstofuna og rætt við vitnið þar, en ekki séð Lovísu. Vissi vitnið ekki til, að þau hefðu nokkurn tíma hist í húsi sínu.

Vitnið Ólöf Kristín Magnúsdóttir vissi heldur ekki til, að Lovísa og ákærði þekktust persónulega. Það mundi eftir því, að eitt sinn, er ákærði kom að Miklubraut 26, hafi Lovísa verið að ganga niður í kjallarann og hafi ákærði fyrst haldið, að þetta væri móðir vitnisins, og hafi hann sagt: „Góðan daginn frá“, en

hún hafi þá litið til baka án þess að svara, en vitnið sagði ákærða, að þetta væri kona, sem hjálpaði við að taka til, og telur vitnið, að það hafi ekki nafngreint hana. Vitnið man aldrei til, að þau hafi talað saman í sinni viðurvist, og heyrði hvorugt þeirra nokkru sinni ræða um hitt.

Faðir ákærða, systir hans og mágur hafa öll borið, að þau hafi aldrei heyrt ákærða ræða um né nefna nafn Lovísu Kristjánsdóttur.

Svo sem áður hefur fram komið, kvaðst ákærði ekki hafa þekkt Lovísu, er hún kom inn í húsið að Miklubraut 26 umrætt sinn. Hann kvaðst hafa vitað, þegar hann umgekkst eigendur hússins, að þeir hefðu einhverja húshjálp, og vera megi, að hann hafi séð þá konu, en hann hafi ekki borið kennsl á hana né nokkurn tíma talað við hana, svo hann muni.

Fyrir milligöngu Rannsóknastofu Háskólans var sent blóðsýni úr ákærða og Lovísu Kristjánsdóttur til blóðgreiningardeildar Köbenhavns Universitets Retsmedicinsk Institut. Einnig var sendur klæðnaður, sem ákærði hafði verið í umrætt sinn, þ. e. skór, sokkar, buxur, jakki og skyrti. Einnig var sent handklæði, sem tekið var á heimili ákærða að Reynimel 84, svo og blóðsýni, sem tekin voru af baðherbergisgólfi og eldhúsgólfi að Reynimel 84. Þá var sendur skinnjakki sá, sem Lovísa Kristjánsdóttir hafði verið í. Var þess óskað, að rannsakað yrði, hvort í þessum munum og blóðsýnum væri blóð úr Lovísu Kristjánsdóttur eða ákærða.

Niðurstaða þessarar rannsóknar barst dóminum með bréfi ofangreindrar stofnunar, dagsettu 8. október 1976. Er bréfið undirritað af dr. med. K. Henningsen. Segir þar í niðurstöðu, að Lovísa Kristjánsdóttir hafi verið af blóðflokki O Gm (a-x-b+) SP AB. Ákærði væri af blóðflokknnum O Gm (a-x-b+) PGM 2-1 SP AC AK 2-1.

Þá segir, að á skóm, sokkum og buxum ákærða finnist mannsblóð. Samkvæmt greiningu verði að telja, að blóðið á sokkum og buxum sé frá manneskju með blóðflokki O Gm (a-x-b+) PGM 1-1 SP AB AK 1-1. Þetta blóð geti þannig vel verið frá hinni látnu, en hins vegar ekki ákærða.

Varðandi handklæði frá heimili ákærða megi sömuleiðis sjá mannsblóð, sem telja verði, að sé frá manneskju af blóðflokki O, en hins vegar sé frekari greining blóðsins ekki möguleg. Þannig geti þetta blóð verið hvort sem er frá hinni látnu eða ákærða.

Þá segir um blóðsýni frá gólfi baðherbergis og eldhúss á heimili ákærða, að það sé mannsblóð, en samkvæmt blóðflokkagreiningu geti það ekki verið frá hinni látnu, en mjög vel frá ákærða.

2. Fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi farið að Miklubraut 26 hinn 26. ágúst sl. í þeim tilgangi að taka þar frímerkjasafn, er hann þóttist vita, að þar væri og látinn eiginmaður Ólafar Möller hefði átt. Fann hann frímerkjasafnið, að hann taldi, eftir nokkra leit í skáp í kjallaraherbergi. Þá fann hann einnig ýmsa skartgripa í skúffum í svefnherbergjum uppi á lofti, en einnig var eitthvað í skríni, er hann þröngvaði upp. Þá kvaðst ákærði hafa tekið þarna á staðnum kr. 20.000 í 5 þús. kr. seðlum, sem voru í svartri öskju á kommóðu í herbergi Ólafar yngri. Svo sem fyrr er að vikið, fór ákærði með lögreglumönnum hinn 1. september sl. að skúr bak við húsið Ránargötu 28 og afhenti lögreglumönnum gulan plastpoka, en í honum voru þeir hlutir, er hann kvaðst hafa haft á brott með sér frá Miklubraut 28. Í pokanum voru eftirtaldir hlutir: 3 kvengullúr með gullarmböndum, 6 armbönd, 5 hálsfestar, 3 hálsmen, 3 stakir eyrnalokkar, 1 brjóstnæla. Einnig 62 umslög með litlum sellofanpokum fyrir frímerki. Ekkert frímerki var í pokunum, en ákærði kvaðst hafa haldið, að umslögin hefðu frímerki að geyma.

Af hálfu húsráðanda að Miklubraut 26 hefur einskis verið saknað með vissu umfram það, sem ákærði viðurkennir að hafa tekið og fannst í fyrrnefndum skúr. Engin bótakrafa hefur verið höfð uppi í málinu af hálfu Ólafar Stefaníu Möller og Ólafar Kristínar Magnúsdóttur. Þess skal getið, að Ólöf Stefanía Möller lést í nóvember sl.

II.

Að morgni föstudagsins 28. nóvember 1975 var lögregla kölluð að Vélsmiðjunni Héðni h/f, Seljavegi 2 hér í borg, vegna þjófnaðar þar. Gunnar Magnússon, skrifstofustjóri fyrirtækisins, tjáði lögreglumönnum, er á vettvang komu, að þegar hann hefði komið til vinnu sinnar, hefði fjárhirsla fyrirtækisins verið opin og þaðan hefðu verið teknir þrjú peningakassar með fjármunum og skjölum í. Svo virtist sem farið hefði verið um aðalútidyr, sem eru á framhlið Vélsmiðjunnar Héðins og liggja að stiga-gangi upp á skrifstofu fyrirtækisins, og um skrifstofudyrnar inn á skrifstofu og þannig verið komist að fjárhirslunni. Bæði útidyr og dyrnar að skrifstofunni virtust hafa verið opnaðar með lykli svo og dyrnar að fjárhirslunni, því að hvergi sá á neinu, en fram-

angreindur Gunnar kvaðst hafa lokað fjárhirslunni sjálfur vandlega kvöldið áður.

Rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Guðmundsson og Sveinbjörn Bjarnason fóru á vettvang til að rannsaka málið, og leitaði hinn síðarnefndi að fingraförum á staðnum, en árangurslaust. Gísli Guðmundsson gerði skýrslu um athugun á vettvangi, og segir þar m. a.: „Mjög öflug járnhurð er á fjárgeymsluherberginu, og læsist hún eins og peningaskápur. Ekki voru sjáanleg nein merki á hurðinni eða læsingunni, sem bentu til þess, að reynt hefði verið að brjóta hana upp. Hurðin var ekki læst, þegar að var komið í morgun, heldur aðeins lögð að stöfum, að sögn skrifstofustjórans. Eins og áður greinir, þá voru teknir þrír peningakassar, sem geymdir voru í fjárhirslunni. Einn kassinn fannst í morgun, sprengdur upp, vestur við Ánanaust skammt frá Járnsteypunni.

Þennan kassa hafði með að gera Ólafur Ásgeirsson, gjaldkeri. Eftir að hann hafði athugað innihald kassans, þá kvaðst hann ekki sakna annars en um 20 þús. kr. í peningum, sem í honum áttu að vera. Mikið var af ávísunum og víxlum svo og öðrum pappírnum, sem skilið var eftir í kassanum.

Hinir kassarnir tveir voru ófundnir, þegar skýrsla þessi var skrifuð, en gerð var ítarleg leit að þeim í nágrenni hússins. Annan kassann hafði með að gera Friðjón B. Friðjónsson, fulltrúi. Hann taldi, að í kassanum hefðu verið 100 þús. kr. í peningum, um 20 þús. kr. í ávísunum, hlaupareikningshefti við Verzlunarbanka Íslands svo og víxlar og ýmsir pappírar.

Þriðji kassinn hafði verið í umsjá Elísabetar Bjarnadóttur, gjaldkera. Hún taldi, að innihald kassans hefði verið um 430 þús. kr., bæði í smámynt og seðlum, ein ávísun að upphæð kr. 364 eða 365 þúsund, stíluð á Gjaldheimtuna á blaði frá Iðnaðarbankanum.

Skrifstofustjórinn og það fólk, sem getið er um hér að framan, sagði, að eitthvað fleira gæti hafa verið í peningakössunum og kæmi í ljós, þegar betur væri skoðað. Ekki virðist hafa verið hreyft við neinu öðru en peningakössunum, hvorki inni í fjárhirslunni né á skrifstofunni.“

Þennan sama dag gaf sig fram við rannsóknarlögregluna Baldur Brjásson, starfsmaður hjá Vélsmiðjunni Héðni, og skýrði frá því, að starfsfólk Héðins hefði haldið spilakvöld þar í húsinu kvöldið áður. Kvaðst hann hafa komið að húsinu kl. 2005, en húsið hafði verið opnað kl. 1930. Kvaðst hann hafa tekið eftir

því, að bifreið Ólafs Ásgeirssonar gjaldkera hefði staðið á bílastæði framan við húsið, en bifreiðin bar skrásetningarnúmerið R 11159, Volkswagen af eldri gerð, dökkblá að lit. Veitti Baldur því athygli, að púði, sem Ólafur hafði í framsætinu, lá fyrir utan bílinn.

Af þessu tilefni ræddi Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglu- maður við Ólaf Ásgeirsson og innti hann eftir því, hvort hann hefði verið að vinna eða komið á vinnustað sinn á þeim tíma, sem Baldur taldi sig hafa séð bifreið hans þar fyrir utan. Kom fram hjá Ólafi, að systursonur hans, ákærði í máli þessu, hefði fengið lánaða bifreið hans og verið á henni daginn áður og um kvöldið.

Af þessu tilefni fór Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglu- maður ásamt Ólafi Ásgeirssyni heim til ákærða að Reynimel 84. Var hann þar heima ásamt föður sínum, Ingólfi Árnasyni, og 9 ára syni ákærða. Var rætt lítillaga við ákærða um ferðir hans á bíl Ólafs, en hann kvaðst ekki hafa komið að húsi Héðins á þeim tíma, er Baldur kveðst hafa séð bílinn þar. Er Gísli Guð- mundsson ræddi við ákærða þarna á heimili hans, veitti hann athygli fuglsfjörðrum í sellofanpokum, en þeir rannsóknarlög- reglumennirnir höfðu fundið nákvæmlega eins poka með fjör- um í, er lá á gólfi rétt hjá fjárhirsludyrum í Héðni. Hafði verið leitað að fingraförum á þeim sellofanpoka, en án árangurs. Var ákærði nú fluttur á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar til yfir- heyrslu um mál þetta.

Við yfirheyrsluna hjá rannsóknarlögreglu og síðar fyrir dómi næsta dag neitaði ákærði aðild sinni að málinu og því að hafa farið á bifreið Ólafs Ásgeirssonar að Vélsmiðjunni Héðni um- rætt kvöld, og kvað hann sér ókunnugt um, að bifreiðinni hafi þá verið ekið þangað. Var ákærði í framhaldi þessa úrskurðaður í allt að 7 daga gæsluvarðhald, þ. e. þann 29. nóvember 1975, og var hann látinn laus úr því gæsluvarðhaldi hinn 6. desember 1975. Við yfirheyrslu í dómi þann dag skýrði ákærði svo frá, að umræddan dag hefði hann haft bifreið frænda síns, Ólafs Ás- geirssonar, að láni. Ólafur er eigandi hússins Ránargötu 28, þar sem foreldrar ákærða búa. Kvaðst ákærði hafa sinnt ýmsum erindum fram undir kl. 1700 umræddan dag í bifreið Ólafs, en einnig hafi hann fengið lánaða bifreið fyrrverandi eiginkonu sinnar, þar sem gangtruflanir urðu í bifreið Ólafs.

Hann taldi, að hann hefði komið að Ránargötu 28 rétt fyrir kl. 1700. Þá hafi þar enginn verið heima nema móðir hans, en Ólaf-

ur hafi komið heim um kl. 1730. Um það bil 15 mínútum síðar hafi faðir hans komið með son ákærða.

Ákærði sagði, að um kl. 1800 hafi hann byrjað að veita Ólafi og föður sínum vín. Hafi þeir báðir fengið ríflega tvöfaldan sjúss af vodka. Einnig skenkti hann í sherryglas handa móður sinni. Hann kvað þá Ólaf og föður sinn hafa drukkið mjög hægt úr glösum sínum og telur, að það hafi tekið þá klukkutíma eða rúmlega það að ljúka úr glösunum. Þá sýndi Ólafur nokkur ummerki ölvunar. Hellti ákærði aftur í glösin, en gætti þess að hafa blöndu Ólafs mun veikari en áður. Þegar Ólafur hafði lokið við u. þ. b. 1/7 úr glösinu, sofnaði hann. Þegar gengið var að kvöldverði var Ólafur enn sofandi, og var snætt án hans. Eftir matinn var reynt að vekja Ólaf, en það tókst ekki, þótt hann væri hristur. Þess vegna var hann hálfðreginn inn í sófa í næstu stofu.

Skömmu fyrir kl. 2030 kvaðst ákærði hafa ekið að fæðingar-deild Landspítalans. Erindi hans hafi verið að hitta Ólöfu Magnúsdóttur, meðal annars til að fá lánaðan bíl hennar daginn eftir. Hann kvaðst ekki hafa mælt sér mót við hana, áður en hann fór. Taldi ákærði, að Ólöf væri á næturvakt á þessum tíma. Kvaðst hann hafa farið upp á 2. hæð í heimavistinni. Þar hafi hann hitt stúlku, sem hann getur ekki lýst nánar, en hún hafi verið skólhærð og í gallabuxum. Spurði hann stúlkuna, hvort Ólöf væri við, en stúlkan kvað hana vera á vakt. Hafi hann nú haldið á brott þaðan, en þegar hann var að fara frá húsi fæðingardeildarinnar, hafi hann fallið á tröppu út úr húsinu. Hafi hann dottið kylliflatur og ekki getað almennilega komið fyrir sig höndum. Haka hans hafi skolið á gangstéttina, um leið og hann reyndi að sveigja höfuðið aftur á bak, og kom sár á hana að neðanverðu. Kvað hann hafa blætt úr sárinu, sem hann fékk, en þó ekki verulega. Ók ákærði nú frá heimavistinni áleiðis að Ránargötu 28, en er hann ók niður Laugaveg, tók hann eftir, að kvöldvakt var í Laugavegsapóteki, og fór hann því þangað í þeim tilgangi að fá plástur. Konan, sem var við afgreiðslu í apótekinu, sagði, að sárið væri það djúpt, að hann yrði að fara á slysavarðstofuna. Taldi hann þetta orðum aukið og hélt áfram að Ránargötu 28. Þegar ákærði kom að Ránargötu 28, komu foreldrar hans á móti honum í anddyri hússins. Lýstu þau fyrir honum annarlegu ástandi Ólafs og báðu hann að koma ekki inn, en fara þess í stað sem fyrst með son sinn. Tók ákærði fram, að hann hafi ætlað sér að dveljast fram eftir kvöldi að Ránargötu 28. Hann brá sér nú yfir

á Ránargötu 26 ásamt syni sínum, en kona, er þar býr, hafi þvegið sár hans, sett á það plástur og gefið honum annan til vara. Þaðan hafi hann svo skroppið aftur til foreldra sinna og kvatt þau, án þess þó að fara inn í húsið. Síðan hafi hann farið ásamt syni sínum að Reynimel 84 og hafi þeir feðgar verið þar tveir einir í íbúðinni frá þeim tíma þar til næsta morguns.

Ákærði kannaðist við, að Ólafur hafi notað lausa sessu í sæti í bifreið sinni. Ákærði kvaðst aldrei nota þessa sessu, þegar hann æki bifreiðinni, heldur setti hann hana annað hvort í framseti bifreiðarinnar eða aftur í hana. Kvaðst hann ekki neitt hafa saknað sessunnar, en hann hafi heyrt hjá móður sinni, að hún hafi fundist við Vélsmiðjuna Héðin. Hann kvaðst síðast hafa komið að Héðni upp úr hádegi umræddan fimmtudag, en þá hafi hann ekið Ólafi í vinnu. Taldi hann Ólaf hafa setið í farþegasæti.

Ákærði kvaðst hafa keypt 20 til 25 umslög með fuglsfjöðrum fyrir 10 til 11 árum, en hann hafi hugsað sér að gera fiskiflugur úr fjöðrunum, en aldrei hafi orðið úr því. Honum var sýndur sellofanpoki með fuglsfjöður, sem fannst við fjárgeymslu Héðins hinn 28. nóvember. Vefengdi hann ekki, að pokinn kynni að vera einn þeirra, sem hann átti.

Vitnið Ólafur Ásgeirsson aðalgjaldkeri, Ránargötu 28, 65 ára að aldri, skýrði svo frá, að hinn 27. nóvember hafi það lánað ákærða bifreið sína. Kvaðst vitnið hafa ekið að Héðni um morguninn, en þar hafi ákærði tekið bílinn. Um hádegi hafi báðir borðað að Ránargötu 28, en eftir matinn ók vitnið að Héðni, þar sem ákærði tók við bílnum. Kvaðst vitnið ekki hafa komið oftar í bílinn þennan dag. Vitnið fór heim skömmu eftir kl. 1700. Kvaðst það hafa verið örþreytt þá vegna fyrirhugaðrar útborgunar næsta dag. Það kvaðst hafa þegið 2 glös af vodkablöndu hjá ákærða, en eftir það hafi það sofnað. Síðar um kvöldið mundi vitnið eftir því að hafa vaknað í sófa inni í stofu. Rakaði það sig þá og fór eftir það að sofa og taldi, að klukkan hefði verið þá um 2100.

Vitnið Baldur Brjánsson verslunarmaður, Kötlufellu 11, 27 ára að aldri, skýrði svo frá, að það hefði komið að húsi Héðins rétt eftir kl. 2000 umrætt kvöld. Með vitninu var Hörður Jósepson, er var farþegi í bifreið þess. Vitnið kvaðst hafa lagt bifreið sinni á bílastæði á móti húsi Héðins. Minnti vitnið, að það hefði lagt bifreiðinni á móts við aðaldyr. Rétt hjá bifreið vitnisins, þó e. t. v. nokkru fjær húsinu, var Volkswagen bifreið, sem vitnið

taldi örugglega vera bifreið Ólafs Ásgeirssonar. Vitnið kvaðst sjá bifreið Ólafs daglega og sagði hana auðþekktanlega, þar sem bifreiðin hafi verið handmáluð með bláum lit. Vitnið kvaðst stundum hafa fengið bifreiðina að láni hjá Ólafi. Rétt hjá bifreiðinni sá vitnið setu, sem það taldi sig kannast við úr bifreið Ólafs. Segir vitnið, að þessa setu hafi Ólafur notað á bifreiðarstjórasetið vinstra megin. Minnti vitnið, að setan hafi legið farþegamegin við bifreiðina og nokkuð frá henni. Vitnið tók ekki eftir, að setan væri blaut. Vitnið taldi víst, að Ólafur væri á skrifstofu sinni, og hugðist vitnið fara með setuna til Ólafs og grínast við hann. Kvaðst það hafa bankað á dyrnar á 3. hæð, þar sem Ólafur vann. En enginn svaraði þar. Vitnið fór þá með setuna upp á 5. hæð og skildi hana þar eftir. Vitnið kvaðst hafa farið út úr húsinu um kl. 2400. Það tók ekki eftir því, hvort bifreið Ólafs var þá enn á stæðinu.

Þegar vitnið kom í vinnuna kl. 9 morguninn eftir, frétti það um þjófnaðinn. Þegar talað var um atburðinn meðal starfsfólksins, heyrði vitnið, að Ólafur Ásgeirsson sagði, að hann hefði ekki verið þar kvöldið áður. Vitnið tjáði honum þá, að það hefði séð bíl hans kvöldið áður þar. Sagði Ólafur það ekki geta verið. Vitnið sótti þá setuna úr bíl Ólafs, og kannaðist Ólafur við hana og taldi, að hún hlyti að hafa dottið úr daginn áður. Fannst vitninu, að Ólafur hafi ekki verið með sjálfum sér þennan morgun, hann hafi virst „sjokkeraður“, fum hafi verið á honum og hann skjálfhentur.

Vitnið Hörður Jósefsson verslunarmaður, Írabakka 32, 28 ára, kvaðst hafa komið að húsi Héðins með fyrrgreindum Baldri milli kl. 2000 og 2050 umræddan dag. Hafi Baldur lagt bíl sínum á bílastæði nokkurn veginn beint á móti aðaldyrum Héðins. Mundi vitnið, að þegar komið var að húsi Héðins, þá hafi Baldur haft orð á því, að tiltekinn starfsmaður fyrirtækisins væri að vinna. Vitnið kvaðst vera öruggt um það, að Baldur hafi lagt bíl sínum rétt hjá gömlum Volkswagen. Mundi vitnið ekki frekar eftir þessum Volkswagen bíl, en taldi, að hann hafi verið ljósleitur. Rétt hjá Volkswagen bifreiðinni tók Baldur upp setu, sem þar lá, en vitnið gat ekki nákvæmlega tilgreint, hvar það var. Eftir að vitnið og Baldur komu á bílastæðið, kom þar að Toyota bíll, sem lagt var fyrir norðan Volkswagen bifreiðina. Urðu vitnið og Baldur samferða hjónum upp í lyftu hússins, er komu úr þeirri bifreið. Vitnið minnti, að Baldur hefði stöðvað lyftuna á 3. hæð og barið þar á dyr, án þess að nokkur svaraði. Eftir það var

farið upp í samkomusalinn, en vitnið man ekki eftir, að neitt hafi verið talað um setuna í lyftunni. Vitnið kvaðst hafa farið burt á milli kl. 2400 og 0030. Það taldi sig geta fullyrt, að þá hafi Volkswagen bifreiðin ekki verið á stæðinu.

Vitnið Sveinn Skagfjörð Pálmason, starfsmaður í tæknideild Héðins, Tómasarhaga 19, 42 ára að aldri, kvaðst hafa komið að kvöldi 26. nóvember 1975 um kl. 2330 að húsi Héðins vegna spilakeppni, sem þar var. Það tók eftir bifreið Ólafs Ásgeirssonar gjaldkera þar, sérstaklega vegna þess að vitnið vissi, að hann tók ekki þátt í neinni félagsstarfsemi. Vitnið kvaðst hafa litið upp í skrifstofuherbergi hans á 3. hæð, en sá þar ekki ljós, en hins vegar hafi það skynjað dauft ljós í herbergi fyrir framan herbergi Ólafs. Síðar frétti vitnið, að morguninn eftir hefði logað ljós í gangi fyrir framan þetta herbergi, en þar átti ekkert ljós að vera um nóttina. Segir vitnið, að oft sé opið á milli gangsins og herbergis þess, er það sá ljós í. Vitnið átti erindi upp á 5. hæð hússins. Það mundi, að það tók eftir púða við dyr á efstu hæð í skrifstofuálfmu hússins.

Vitnið Hulda Hjálmarsdóttir ráðskona, Smyrlahrauni 48, Hafnarfirði, 37 ára að aldri, kvaðst hafa farið ásamt manni sínum á spilakvöld hjá Héðni 27. nóvember 1975. Þau stöðvuðu bílinn á bílastæði, og var bíllinn nokkurn veginn andspænis aðaldyrum Héðins. Rétt eftir að þau bar þar að, kom Baldur Brjánsson þar, og minnst vitnið þess, að hann hafi tekið upp svampsæti, sem lá þar á bílastæðinu. Vitnið mundi, að Baldur hafði orð á því, að einhver maður, sem hann nafngreindi, hefði misst svampsætið úr bíl sínum. Fór Baldur úr lyftunni á 3. hæð til að skila svampsætinu, að því er hann sagði, en hin héldu áfram upp.

Vitnið Þórarinn Guðmundur Andrewsson kennari, Smyrlahrauni 48, Hafnarfirði, 38 ára að aldri, mundi einnig eftir því, að þegar Baldur Brjánsson kom inn í Héðinshúsið, hafi hann haldið á sessu. Minnti vitnið, að Baldur hafi farið út úr lyftunni einni hæð neðar en aðrir, sem voru í lyftunni. Hafi Baldur látið orð falla á þá leið, að hann vissi, hver ætti sessuna, og hann ætlaði að koma henni til skila.

Hinn 19. október sl. óskaði ákærði, sem sat í gæsluvarðhaldi vegna máls þess, sem um er fjallað í I hér að framan, eftir því að gefa viðbótarskýrslu um mál þetta. Játtaði hann þá fyrir rannsóknarlögreglu að vera valdur að hvarfi umræddra fjármuna úr Vélsmiðjunni Héðni hinn 27. nóvember 1975. Kom ákærði fyrir sakadóm hinn 25. október 1976 og staðfesti þar játningu sína.

Vísaði ákærði í fyrri skýrslu sína, sem hann hafði áður gefið fyrir dómi, fram að þeim tíma, er hann og faðir hans lögðu frænda hans, Ólaf Ásgeirsson, á sófa í setustofu. Það hafi verið þá, sem hann fékk þá hugmynd að taka lykla úr vösum Ólafs að fjárhirslum Héðins og nota þá til þess að stela þaðan fé. Kvaðst hann hafa tekið lykllana og veski Ólafs, sem hvort tveggja var í sama vasa, um leið og Ólafur hafði verið lagður í sófann. Eftir það sat hann með foreldrum sínum og syni í stofunni, en ók síðan í bifreið Ólafs að Vélsmiðju Héðins. Hann telur, að vel geti staðist, að þangað hafi hann farið um kl. 2000. Lagði hann bifreiðinni norðarlega á stæðinu, sem er gegnt húsi Héðins, og hélt rակleiðis að aðaldyrum hússins. Þær voru opnar, og fór hann þar inn og gekk upp stigann að skrifstofudyrum á 3. hæð. Notaði hann lykla Ólafs til að komast þar inn og einnig til að opna fjárhirslur fyrirtækisins. Kvaðst hann hafa lokað á eftir sér, þegar hann kom á skrifstofuna, og hafi hann kveikt ljós inni í fjárhirslunni, en man ekki, hvort hann slökkti það. Úr fjárhirslunni tók hann þrjá peningakassa og setti í tösku, sem hann hafði haft með sér í því skyni. Þessa sömu tösku hafði hann m. a. notað fyrir um daginn undir flutning á fuglsfjöðrum. Kvaðst hann hafa reynt að loka fjárhirslunni, en ekki tekist. Fór hann síðan rակleiðis með töskuna niður stigann.

Ákærði taldi, að ferð hans inn í húsið hafi tekið mjög stutta stund, e. t. v. aðeins 5 mínútur. Kvaðst hann ekki hafa tekið eftir bifreiðum við gangstéttina framan við húsið né heldur því, að ljós loguðu á efri hæðum hússins. Veitti hann engum mannaferðum athygli, þegar hann var inni í húsinu, og veitti því ekki athygli, að bankað væri á dyr skrifstofunnar. Kvað hann mjög mikið óðagot hafa verið á sér, er hann framdi verknadinn, og mikil spennan hafi fylgt því. Hann kvaðst ekki hafa neytt meiri lyfja þennan dag en hann var vanur að gera samkvæmt læknisráði. Ákærði kvaðst nú hafa ekið bifreiðinni örstuttan spöl og stöðvað hana í Ánanaustum, einhvers staðar milli Vesturgötu og Mýrargötu. Þar opnaði hann kassana með skrufjárnri, er var í bílnum. Kannaði hann innihald þeirra, eða taldi sig gera það, tók peninga úr þeim og setti í jakka sinn. Kvaðst hann ekki hafa kveikt ljós í bílnum. Kvaðst hann hafa notið birtu frá nálægum ljósastaurum. Að þessu loknu ók hann stuttan spöl í suður eftir Ánanaustum. Þar fór hann út úr bifreiðinni og skildi einn kassann, sem hann taldi kassa Ólafs, eftir í porti þar rétt hjá. Getur hann ekki gert sér grein fyrir því, hvers

vegna hann skildi ekki alla kassana þar eftir. Að þessu búnu ók hann að Skúlagötu og henti kössunum tveimur fram af bakka, þar sem unnið var við uppfyllingu.

Þegar ákærði hafði farið frá foreldrum sínum, tjáði hann þeim, að hann ætlaði upp á Landspítala. Ók hann þangað frá Skúlagötu í því skyni að afla sér fjarvistarsönnunar. Hann hrasaði á gangstéttarbrún fyrir framan fæðingardeildina, fékk sár undir hökuna og hætti við að fara þangað inn. Ók hann frá fæðingardeildinni að Laugavegsapóteki, þar sem hann hugðist fá plástur á sárið. Var honum sagt þar, að hann þyrfti að fara á slysavarðstofuna. Taldi hann sig ekki hafa tíma til þess, eins og sakir stóðu, og hélt rakleiðis heim til foreldra sinna. Fékk hann þar tækifæri til að leggja lyklakippu Ólafs ofan á veski hans, sem lá á borði í setustofunni. Sá enginn til hans, þegar hann gerði þetta.

Frá heimili foreldra sinna fór ákærði með son sinn að Reynimel 84. Eftir að sonur hans var sofnaður, taldi ákærði peningana, og taldist honum svo til, að upphæðin væri ríflega 293 þúsund krónur. Er honum var bent á, að þetta væri mun lægri tala en sú, sem fyrirtækið Héðinn hefur gefið upp, gat hann ekki gefið skýringu á þeim mismun, nema sér hafi sést yfir peninga í kössunum, áður en hann henti þeim.

Samkvæmt yfirliti frá Vélsmiðjunni Héðni h/f námu peningar í peningakassa Elísabetar Bjarnadóttur gjaldkera kr. 527.057, þegar kassinn hvarf. Peningar í kassa Friðjóns B. Friðjónssonar fulltrúa hafi numið kr. 164.438. Þegar hins vegar sé lagt saman peningar, ávísanir, happdrættisskuldabréf, frímerki og fjárhæðir á víxlum, sem í kössunum voru, verður útkoman samkvæmt yfirliti Héðins h/f kr. 1.344.441. Auk þess hurfu kr. 20.500 í peningum úr kassa Ólafs Ásgeirssonar, en í þeim kassa var auk þess skv. yfirlitinu ca 2 millj. kr. í ávísunum og ca 1 millj. kr. í víxlum, eða kr. 3.020.500. Sá kassi fannst hins vegar aftur með umræddum víxlum og ávísunum.

Vitnið Ólafur Ásgeirsson aðalgjaldkeri hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í peningakassa þeim, er það hafði með að gera og stolið var, hafi verið m. a. ávísanir að fjárhæð nálægt kr. 1.800.000. Voru þetta ávísanir, sem vitnið hafði innheimt hjá viðskiptamönnum fyrirtækisins. Hafði það afrit af kvittunum, er það hafði gefið út við móttöku þessara greiðslna. Þegar kassinn fannst, reyndust allar þær ávísanir vera í honum, er þar áttu að vera. Það kvaðst ekki muna, hver fjárhæð víxlanna í

kassanum var, en tölurnar á fyrrgreindu yfirliti væru ekki frá sér komnar, nema peningafjárhæðin, sem hvarf, sem það staðfestir, að væri rétt tilgreind á yfirlitinu.

Vitnið sagði, að hver kassi væri gerður upp vikulega, þ. e. á mánuðögum, að minnsta kosti eigi það við um hans kassa. Engar daglegar færslur eigi sér stað né sé færð ákveðin kassabók. Skili hann kvittunum við hið vikulega uppgjör og geri þannig grein fyrir hreyfingum í kassa.

Vitnið Elísabet Bjarnadóttir, gjaldkeri starfsmannahalds, Egilstöðum II, Seltjarnarnesi, 32 ára að aldri, skýrði svo frá fyrir dómi, að það sjái um launaútreikninga og útborgun launa til starfsfólks Héðins h/f svo og um útreikning og vörslu á fé, sem taka á af launum starfsfólks til greiðslu á gjöldum til opinberra aðilja og stéttarféлага. Var þetta einnig í hennar verkahring í nóvember 1975, og reyndar allt frá því í maí 1971.

Vitnið sagði, að það hafi jafnan fengið frá Ólafi Ásgeirssyni fjárhæð, er samsvaraði útreiknuðum launum hverja viku, og síðan hafi það haldið eftir af launagreiðslum framangreindum gjöldum. Voru greiðslur til hvers viðtakanda um sig geymdar í sérstökum opnum umslögum. Skil voru yfirleitt gerð til viðkomandi aðilja mánaðarlega, en til Gjaldheimtunnar þó vikulega.

Vitnið sagði, að þegar umræddur þjófnaður átti sér stað, hafi verið óvenju mikið reiðufé í kassanum, þar sem þetta hafi verið í lok mánaðar og einnig nálægt lokum árs og hafi verið ólokið skilum á stéttarfélagsgjöldum til ýmissa smærri féлага. Engir peningar hafi verið í kassanum vegna launaútborgunar næsta dag. Þó hafi legið í kassanum kvittanir vegna fyrirfram greiddra launa. Einnig hafi legið fyrir í kassa peningar, sem áttu að fara til Gjaldheimtunnar af launaútborgun vikuna áður, en ekki hafði enn verið staðið skil á vegna fjárhagserfiðleika fyrirtækisins, en í kassanum lá einnig ávísun, er átti að ganga í þessa greiðslu, og talið var, að yrði innstæða fyrir henni næsta dag.

Vitnið sagði, að það hafi fært í sérstaka bók þau gjöld, er það dró af launum starfsfólks, og hafi verið fært í hana, jafnóðum og dregið var af laununum. Á sama hátt hafi verið fært á sérstaka félagsgjaldaskrá. Á þessum gögnum byggði vitnið skýrslu sína um það, sem verið hafði í kassa þess, er hann hvarf. Staðfesti vitnið, að yfirlit fyrirtækisins byggðist á skýrslu þess.

Vitnið sagði, að öll umslög í kassanum hafi verið klemmd saman með bréfaklemmum eftir viðtakendum og hafi þau yfir-

leitt verið 3 saman í hverri klemmu, þar sem 3 útborganir höfðu farið fram í mánuðinum. Allir peningar í kassanum hafi verið í þannig umslögum og annað hafi ekki verið í kassanum, utan afrit af nokkrum kvittunum fyrir fyrirfram greiðslum, er voru einnig undir klemmum.

Vitnið Friðjón Björn Friðjónsson, skrifstofustjóri í Héðni h/f, Geitlandi 11, 40 ára að aldri, sagði fyrir dómi, að það hafi nær eingöngu séð um fjármál vegna verslunar og í kassa þess hafi verið ýmsar innborganir tengdar henni. Einnig voru þarna víxlar. Þá voru í kassanum 15 happdrættisskuldabréf, sem vitnið hafði tekið til geymslu fyrir Garðar Karlsson, fyrrverandi starfsmann Héðins h/f, svo og frímerki, er vitnið átti sjálf.

Vitnið staðfesti, að yfirlit fyrirtækisins um innihald kassa vitnisins byggðist á skýrslu sinni.

Persónulegir hagir ákærða.

Ákærði er, sem fyrr segir, fæddur í Reykjavík hinn 26. júlí 1934. Hann á eina systur, sem er 10 árum yngri en hann. Hann stundaði barnaskólanám við Miðbæjarskólann í Reykjavík og tók fullnaðarpróf þaðan með hárrí einkunn. Síðan settist hann í Gagnfræðaskóla Vesturbæjar og var þar einn vetur, en þar á eftir dvaldist hann hálfan vetur með foreldrum sínum í Sviss. Næsta vetur þar á eftir dvaldist hann hjá móðurforeldrum sínum að Ránargötu 28 og lauk landsprófi. Síðan settist hann í Menntaskólann í Reykjavík og lauk stúdentsprófi þaðan 1954 úr máladeild. Að stúdentsprófi loknu hóf ákærði nám í Englandi, en hvarf frá því vegna peningaleysis og tók sér hlé frá námi um tíma, vann á Keflavíkurflugvelli hjá Bandaríkjaher í 1½ ár, en hóf síðan aftur nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands 1956 og lauk þaðan prófi 1960.

Að viðskiptafræðiprófi loknu starfaði ákærði sem blaðamaður, fyrst nokkra mánuði hjá dagblaðinu Vísi, síðan hjá Morgunblaðinu í 7 ár fyrir utan það, að hann dvaldist í Kaupmannahöfn einn vetur, 1964 til 1965, og var þá við skrifstofustörf hjá lyfjafyrirtæki. Hann gerðist síðan fréttamaður hjá Sjónvarpinu 1968. Hætti hann þar 1972. Réðst síðan sem framkvæmdastjóri Stanga-veiðifélags Reykjavíkur, en hætti þar 1974 og gerðist fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu og vann þar fram í september 1975, en síðan hefur hann unnið að þýðingum og ritstörfum.

Ákærði bragðaði fyrst vín 15 ára gamall og fór að reykja ári síðar. Telur hann sig vera hófsaman á vín, enda hafi hann um

20 ára aldur farið í 6 ára bindindi jafnframt því sem hann hóf þá að æfa frjálsar íþróttir reglulega og gerði í 6 ár.

Ákærði kvæntist Hafdísi Árnadóttur leikfimikennara, fæddri 19. nóvember 1938, hinn 18. september 1964. Þau skildu að borði og sæng í júní 1975, en eru ekki skilin að lögum. Hafdís hefur sagt fyrir dómi, að ákærði hafi aldrei sýnt ofbeldishneigð gagnvart sér eða heimili þeirra og hafi hann aldrei lagt á sig hendur, þótt ýmislegt hafi gengið á, t. d. er þau slitu sambúð. Hún segir, að skilnaður þeirra hafi átt sér langan aðdraganda og hún hafi ekki merkt neina sérstaka breytingu á ákærða vegna hans. Fyrst eftir skilnaðinn hafi þau lítil samskipti haft, en síðar hafi þau aukist og upp á síðkastið hafi hann haft daglega samband við heimili hennar og umgengist syni þeirra mikið. Vitnið var mikið utanbæjar og utanlands síðastliðið sumar með börnin og sá því ákærða sjaldan, fyrr en það kom heim 22. ágúst síðastliðinn, en eftir það kom hann oft heim til vitnisins og fór með eldri drenginn út með sér, meðal annars í veiðiferð. Merkti vitnið ekkert sérstakt óvenjulegt í fari hans.

Við yfirheyrslu í dómi hinn 1. september sl. var ákærði spurður um heilsu sína. Kvaðst hann hafa fengið acrofoþíu, þ. e. úti-vistarhræðslu, sem sé andstæða við innilokunarkennd, fyrir u. þ. b. 7 árum. Var þetta mjög slæmt um tíma, og átti ákærði mjög erfitt með að fara um bæinn. Leitaði hann til Karls Strand fyrir um tveimur árum og fór til hans mánaðarlega síðan. Gaf Karl honum ákveðin lyf við þessu. Kvað hann sér hafa batnað mikið og gæti þar komið tvennt til. Annars vegar meðhöndlun Karls, hins vegar meðferð enskrar andalækningakonu, Joan Reid, er hann leitaði til. Hafi hann reyndar skrifað bók um störf hennar. Er hann fór til hennar eitt sinn, tjáði hún honum, að leiðsögumenn eða stjórnendur sínir segðu henni, að það, sem ylli þessum sjúkdómi, væri áverki á hálsi, er hann hefði fengið, og þyrfti að kippa til hálsliðnum. Eitthvað hafði gengið til, sem hindraði eðlilega blóðrás upp í hægri framhluta heilans. Stór-batnaði honum á einum degi hjá henni, og endurtók hún þessa meðferð. Hann átti að fara til Karls Strand upp úr miðjum ágúst sl., en afpantaði tímenn vegna veiðiferðar, en hann tók fram, að síðast er hann fór til Karls, hafi verið rætt um að draga úr lyfjagjöf og hafi það verið gert. Faðir hans hafi hvatt hann til að hætta lyfjatöku, þar sem hann væri orðinn góður, og hafi hann hætt að taka meðul í vikunni fyrir 26. ágúst sl. Hefði hann ekki tekið þau reglulega áður, enda ekki fundið þörf fyrir þau eða

haft trú á þeim í sama mæli og fyrr. Fyrir orð föður síns fleygði hann þessum lyfjum í öskutunnuna föstudaginn 27. ágúst, að því er hann taldi.

Aflað var vottorðs Karls Strand yfirlæknis um meðferð hans á ákærða. Sendi hann dóminum útdrátt úr sjúkraskýrslu, dagsettri 2. september 1976, svohljóðandi:

„Frá 13. 9. 1974 hefur ofanefndur Ásgeir Ingólfsson gengið til mín til lækninga. Hann hefur komið alls 18 sinnum til mín á stofu til einnar klukkustundar viðtals í hvert sinn, og auk þess hefir hann nokkrum sinnum leitað til mín símleiðis.

Í upphafi kvartaði hann um svefntruflanir, kvíða, mikla spennu, eirðarleysi, einkum á morgnana, svartsýni, depurð og einbeitingarskort. Hann var hræddur á opnum svæðum, á breiðum götum, lofthæddur, fékk innilokunarkennd, einkum í leikhúsum og kvikmyndahúsum. Hann treysti sér ekki einn í bíl út úr bænum. Oft meyr og jafnvel klökkur. Hann taldi, að sum þessara einkenna hefðu verið til staðar allt frá árinu 1972, t. d. lofthræðslan, en þá dvaldi hann í Bandaríkjunum. Telur sér hafa lakast mjög síðustu 3—4 mánuði.

Miklir örðugleikar voru í hjónabandi hans, sem staðið hafði 10 ár. Margvíslegir árekstrar hafa orðið milli hjónanna, einkum út af ástamálum og fjármálum, þau hætt að sænga saman og rætt hafði verið um skilnað.

Hann var á þessum tíma starfsmaður hjá Ríkisútvarpinu og vann m. a. á næturvöktum, sem áttu sinn þátt í svefntruflunum hans. Hann hætti hjá Útvarpinu seint á haustinu 1975 til að vinna sjálfstætt að ritstörfum.

Ég taldi hann hafa geðlægð (depressio mentis) með mikilli spennu og fælnifyrirbærum (phobias). Hann var alla tíð greinargóður í frásögn, raunhæfur og samvinnugóður. Ekki varð vart neinna einkenna, sem bentu til sturlunar (psychosis).

Læknishjálp var falin í lyfjagjöf og allrækilegum viðtölum (supportive psychotherapy). Hann var settur á þunglyndislyf (antidepressant) — Amytripty — líni 100 mg á dag, (Tryptizol) róandi lyf, Diazepam 15 mg á dag og svefnlyf, Mogadon 10 mg að kvöldi. Nokkrar breytingar voru gerðar síðar á lyfjagjöfinni í samræmi við breytingar á ástandi sjúklingsins. Síðasta lyfjaforskrift hans gefin 28. 7. 1976 var Tryptizol 25 mg, tbl. 4 á dag, Trilafon mg 4 þrisvar á dag og tbl. Mogadon mg 5, 1½—2 töflur fyrir svefn.

Þegar á fyrstu vikunum fór ástand hans batnandi hægt og hægt, og sá bati hélt áfram, að vísu með nokkrum sveiflum í sambandi við ytri aðstæður og atburði. Hjónin slitu samvistum í apríl 1975 og Á. I. flutti að heiman. Leið mun betur eftir það. Tók nýja geðsveiflu niður á við í des. 1975 eftir að hafa verið settur í gæzluvarðhald í 8 daga, grunaður um innbrot. Átti erfitt með að vera einn á eftir og flutti faðir hans þá til hans um tíma. Ýmiskonar fjárhagserfiðleikar, m. a. skuldir konu og kostnaðarliðir vegna barna, ollu honum áhyggjum. Eigi að síður tók honum að skána á ný upp úr síðustu áramótum, og í viðtali í apríl taldi hann líðan sína mun betri og var þá kappsamur við ritstörf, gat ekið bíl sínum einn út úr bænum og taldi einbeitingu sína og vinnufærni í góðu lagi. Þessi bati virtist í góðum gangi, er hann talaði síðast við geðlækni, en það var 28. 7. s.l. Var þá ákveðið að fara að minnka lyfjagjöf hans hægt og hægt.

Sjúkl. taldi sig ætíð taka lyf sín reglulega og var ekki grunaður um vanrækslu í þeim efnum, þótt geðsveiflur kæmu fyrir. Hann mætti ekki ætíð reglulega til viðtals, stundum vegna ferðalaga úr bænum, stundum að því er virtist af gleymsku eða trassaskap. Hringdi þá stundum og fékk lyfseðla símléiðis í lyfjabúð. Einu sinni eða tvisvar minnst geðlæknir þess, að hann bæði um viðbótarlyf fyrr en ætla mátti, að birgðir hans væru þrotnar, en þess varð annars eigi vart, að hann tæki stærri skammta en leyft var. Í heimsóknnum hans til læknis sáust aldrei á honum merki um ofneyzlu lyfja né áhrif alkohols.

Sú vitneskja, er geðlæknir hefir fengið um ónotuð lyf heima hjá honum, getur skýrt, hve bati hans var rykkjóttur með köflum. Hitt verður ekki skýrt að svo stöddu, hversvegna hann vanrækti lyfjatöku sína, en óskaði jafnan eftir að halda áfram með lyfin og virtist setja traust sitt á þau.

Í síðustu heimsókn sinni til geðlæknis, þann 28. 7. s.l., virtist hann fullkomlega í jafnvægi, raunhæfur í tali eins og fyrr, ræddi um störf sín, framtíðaráætlanir, fjármál í sambandi við syni sína og fyrrverandi eiginkonu, laxveiðiferðir, er hann hafði farið nýlega. Nefndi þá, að hann treysti sér til að minnka lyf sín, og var byrjað á því, eins og áður er sagt. Taldi geðlæknir, að bati hans væri mjög sæmilegur, enda virtist honum líða vel.“

Ásgeir Karlsson geðlæknir var fenginn til að framkvæma geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Hefur hann skilað skýrslu til dómsins um þá rannsókn, dagsetta 18. desember sl., og hljóðar niðurstaða skýrslunnar svo:

„Ég tel Ásgeir Ingólfsson hvorki vera geðveikan né greindar-skertan, og hann hefur engin merki þess að vera með vefrænar skemmdir í miðtaugakerfi. Hann verður hins vegar að teljast mjög vel greindur. Hins vegar tel ég hann vera með persónuleika- og skapgerðartruflanir, sem eru einkennandi fyrir fólk, sem á erfitt með að meðhöndla og fá útrás fyrir reiði og aðrar sterkar tilfinningar (neurosis characterogenis, passive-agressive type). Framkoma Ásgeirs er dæmigerð fyrir fólk með slík skapgerðar-einkenni, hann er mjög fágaður og kurteis í framkomu, næstum á yfirdrífinn hátt, og gerir sér far um að þóknast öðrum og forðast að lenda í andstöðu eða útistöðum við fólk og er mjög vandur að virðingu sinni. Hins vegar getur dómgreind hans brenglast og hann misst stjórn á sér, ef ytri aðstæður eru þannig, að honum finnist sér vera ógnað, t. d. að hann væri staðinn að verki með því að haga sér ekki rétt eða gera eitthvað óheiðarlegt. Getur hann þá, eins og komið hefur fram, misst stjórn á tilfinningum sínum og farið í gífurlegt uppnám, þótt ofbeldi þurfi ekki endilega að fylgja slíku ástandi.

Ásgeir hefur ennfremur haft taugaveiklunareinkenni, var með kvíða taugaveiklun frá 16 til 20 ára aldurs (neurosis anxiosa), síðan aftur frá árinu 1971, haft blandaðri taugaveiklunareinkenni, svo sem einkenni um kvíða, þunglyndi og fælni (agorophobia). Þessi síðasttöldu taugaveiklunareinkenni hafa virst vera í talsverðum bata sl. 6 mánuði, enda hefur hann verið til meðferðar hjá geðlækni undanfarin 2 ár. Er það vísbending til þess, að Ásgeir geti notfært sér meðferð við slíkum taugaveiklunareinkennum, en hins vegar er vafamál, hversu vel hann gæti notað sér djúpa innsæismeðferð eða sálgreiningu til þess að fá bót á skapgerðar- og persónuleikavandkvæðum sínum, þar eð slík meðferð er langvinn og yrði sennilega erfið.

Ásgeir Ingólfsson telst sakhæfur.“

Svo sem áður hefur komið fram, meðal annars í vottorði Karls Strand yfirlæknis, hefur ákærði á undanförunum árum tekið allnokkuð af lyfjum. Aðspurður um lyfjatöku sína fyrir dómi hinn 9. nóvember sl. sagði ákærði, að hann hafi í um það bil 1 ár gert töluvert af því að taka valium eða diazepam og hafi hann stundum tekið slíkar töflur oft á dag. Sagði hann, að sumt af þessum töflum hafi hann fengið hjá Karli Strand, en annað hjá heimilislækni og fleiri læknum. Taldi hann erfitt fyrir sig að gera sér grein fyrir áhrifum af þessum lyfjum, en sér hafi fundist þau róandi. Kvaðst hann aldrei hafa fundið til syfju þeirra vegna.

Kvað hann systur sína stundum hafa haft á orði við sig, að henni fyndist hann vera eins og slappur í framan.

Ákærði sagði, að hann hefði farið til Karls Strand fyrst fyrir u. þ. b. 2 árum og hafi hann þá strax fengið framangreind meðul og auk þess Tryptizol, Mogadon og Trilafon eða perfenazíni. Hann kvaðst ekki hafa ofnotað þessi lyf neitt, nema þá eins og fyrr segir valium síðasta árið. Hin lyfin hafi hann ekki alltaf tekið reglulega síðustu 4 mánuðina. Hann kvaðst ekki vita, hvaða áhrif Tryptizol hafi, en hann hafi spurt Karl Strand að því. Hafi hann sagt, að það ætti að vinna gegn þunglyndi, en það virkaði ekki strax, heldur þyrfti að safnast upp í líkamanum í ákveðinn tíma.

Aðspurður sagðist ákærði ekki hafa neytt neins áfengis í u. þ. b. 2 ár, eða frá því í febrúar 1975. Kvaðst hann áður hafa neytt áfengis nokkuð í því skyni að vinna bug á útivistarhræðslu sinni, en eftirköstin hafi verið með þeim hætti, að hann fann, að í því var engin lækning fólgin, og ákvað því að hætta að neyta þess.

Við yfirheyrslu í sakadómi 6. desember 1975 í sambandi við ætlaðan þjófnað í Héðni hafði ákærði skýrt svo frá um lyfjastöku sína, að hann hefði tekið tvö lyf að staðaldri í meira en ár eftir ráðleggingum Karls Strand. Væru það lyfin Tryptizol og perfenazíni. Hefði skammturinn af fyrrnefnda lyfinu undanfarið verið 1 tafla á morgnana og 3—4 á kvöldin. Skammturinn af hinu síðarnefnda hefði verið 1 tafla á morgnana og 2 á kvöldin. Kvaðst hann hafa fengið þessi lyf gegn útivistarhræðslu, sem hann hefði verið mjög illa haldinn af. Kvaðst hann hafa tekið inn lyf eins og venjulega 27. nóvember 1975 og engin önnur lyf, og taldi hann sig ekki á neinn hátt vera í óeðlilegu ástandi, en hann hefði verið þreyttur vegna mikillar vinnu. Kvað hann þessi meðul ekki breyta skaphöfn manna.

Vitnið Hafdís Árnadóttir, fyrrverandi eiginkona ákærða, hefur sagt fyrir dómi, að á árinu 1973 hafi ákærði farið að finna til magasárs og hafi hann þess vegna farið til meðferðar hjá magasérfræðingi. Um svipað leyti hafi hann leitað til geðlæknis vegna óþæginda, sem lýstu sér meðal annars í vanlíðan úti á víðáttu, einnig í háum húsum, svo og lýsti þetta sér í innilokunarkennd, til dæmis í lyftum. Vissi vitnið, að hann fékk lyf bæði vegna magasársins og einnig vegna meðferðarinnar hjá geðlæknum. Vissi það m. a., að hann fékk Mogadon, sem er svefnlyf, og valium. Grunaði vitnið um tíma, er þau bjuggu enn saman,

að ákærði tæki þessi lyf eitthvað umfram það, sem læknar mæltu með, þar sem það merkti breytingu á honum, t. d. á mæli hans og að hann var sljórri en hann átti að sér. Vitnið innti hann eftir þessu, en hann neitaði því, að hann tæki meira en fyrir var lagt. Sagði vitnið, að þetta hefði verið rétt eftir að hann byrjaði að taka þessi lyf. Stóð þetta nokkurn tíma, en síðan virtist eins og úr þessu drægi, hvort sem ákærði minnkaði lyfjatökur eða var orðinn vanari þeim. Það kvað hegðan ákærða ekki hafa verið neinum sveiflum háð á þessum tíma. Svo sem fyrr er frá skýrt, kvað það ákærða aldrei hafa sýnt ofbeldishneigð gagnvart sér eða heimilinu og hafi hann aldrei lagt á sig hendur.

Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða, sendi dómsformanni bréf, dags. 25. janúar sl., svohljóðandi:

„Ég leyfi mér hér með að fara þess á leit við yður, herra sakadómari, með vísan til skýrslu skjólst. m. fyrir Sakadómi Reykjavíkur hinn 9. nóvember s.l., sbr. ennfremur dskj. nr. 6, og dskj. nr. 2, bls. 15, að þér aflið sérfræðilegrar umsagnar um áhrif langvarandi (allt að tveggja ára) notkunar lyfja þeirra, er í framangreindum skýrslum greinir, en skjólst. m. hefur tjáð mér, að lyfjaneyzla sín hafi verið sem hér segir: Eftir að Dr. Karl Strand hóf afskipti af skjólst. m., kveður hann lækninn hafa ávísað á fjögur lyf, mestallan tímann er hann gekk til hans.

Lyf þessi hafi verið tryptisol, trilafon (perpenazine), diazepam og mogadon. Skjólst. m. segir: „Lengst af tók ég daglega (1 töflu að morgni, 3 fyrir svefn) 4 töflur alls af tryptisoli, þ. e. 4 x 25 mg eða alls 100 mg á sólarhring. Daglegur skammtur af trilafoni var 3 x 4 mg, daglegur skammtur af diazepam 3 x 5 mg og kvöldskammtur af mogadoni 10 mg (á tímabili, þó aðeins skamman tíma, var diazepam sleppt og dregið úr mogadon inntöku í 7.5 mg, þó eftir mínu vali). Alls nam þetta, mestallan tímann, 137 mg af lyfjum á sólarhring.“

Auk þess kveður skjólstæðingur minn, að hann hafi rúmt síðasta árið, sem hann gekk til Dr. Karls, en þó án hans vitundar, og þá fyrst og fremst eða eingöngu sakir þess, að útivistaröfnæmi hafi verið á háu stigi, tekið að nota blöndu af diazepam og mogadoni, að degi til, en hana kveður hann hafa dregið mjög úr einkennum öfnæmisins, og losað hann við þau alveg á stundum. Mesta kveður hann þó notkunina hafa verið, er hann tók, stundum tvisvar á dag, 6 x 5 mg af mogadoni og allt að 10 x 5 mg af diazepam.

Óskað er umsagnar um sennileg áhrif lyfjatöku samkvæmt framanrituðu, en ég tel eftir atvikum og með vísan til d-liðar 2. töluliðar 75. gr. laga nr. 74/1976, sbr. og ákvæði 75. gr. hgl. 19/1940, rétt, að slík umsögn liggi fyrir í málinu, sé hennar kostur.“

Ákærði hefur fyrir dómi staðfest, að lýsing í ofangreindu bréfi á lyfjatöku hans sé rétt.

Með bréfi dómsins til Þorkels Jóhannessonar prófessors, dagsettu 31. janúar sl., voru honum send gögn þau í málinu, sem hér hefur verið lýst um lyfjatöku ákærða. Var þess óskað, að hann léti dóminum í té umsögn um sennileg áhrif lyfjatöku samkvæmt því, er þar kemur fram. Með bréfi hans, dags. 18. febrúar sl., sendi hann dóminum svohljóðandi umsögn:

„Málsgögn bera með sér, að ákærða og Karli Strand, lækni, ber að verulegu leyti saman um töku lyfjanna Tryptizol (amí-tríptýlín) og Trilafon (perfenazín). Hins vegar ber allmjög á milli um töku lyfjanna Mogadon (nítrazepam) og díazepam. Framburður ákærða fyrir Sakadómi Reykjavíkur 9. 11. 1976 og bréf Sveins Snorrasonar, hæstaréttarlögmanns, sem dagsett er 25. 1. 1977, bera með sér, að ákærði hefur tekið mjög umtalsvert magn þessara tveggja lyfja og aðrir læknar en Karl Strand hefðu átt þar hlut að máli. Undirritaður telur ekki útilokað, að mikil og misjöfn taka lyfja á borð við nítrazepam og díazepam kunni að valda árásarhneigð og snöggum árásarviðbrögðum hjá mönnum, sem haldnir eru hömlum og bælingu. Telur undirritaður rétt, að Sakadómur Reykjavíkur afli lyfseðla, er gefnir hafa verið út á nafn ákærða á árinu 1976. Mætti þá sannreyna, hvert magn fyrrgreindra lyfja ákærði gæti hafa haft undir höndum með lögmaetum hætti á greindu tímabili.“

Að gefnu tilefni í umsögn þessari kannaði dómurinn möguleika á öflun lyfseðla til ákærða. Kom í ljós hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur og heilbrigðisráðuneytinu, að ekki er til nein heildarskrá yfir útgefna lyfseðla til einstaklinga og þyrfti því að fara í gegn um alla lyfseðla, útgefna á umræddu tímabili, til að finna lyfseðla, útgefna til ákveðinna einstaklinga. Hjá landlækni kom hins vegar fram, að gerðar hafa verið ákveðnar tímabundnar kannanir á útgáfu lyfseðla á lyfin nítrazepam og díazepam til einstaklinga á undanfórnum árum. Dómurinn taldi, að ekki væri ástæða til að láta leita uppi lyfseðla til ákærða, enda væru þeir ekki óyggjandi sönnun um neyslu hans. Hins vegar taldi hann rétt að leita eftir vottorði landlæknis um vitn-

eskju hans um útgáfu ofangreinda lyfja til ákærða árin 1974, 1975 og 1976, þar sem unnt væri að fá það með góðu móti.

Hinn 1. mars sl. barst dóminum bréf landlæknis, dagsett sama dag, svohljóðandi:

„Hér með vottast, að ekki hafa fundist lyfjaávisanir á nafn Ásgeirs Ingólfssonar, f. 26. júlí 1934, í þeim lyfjakönnunum, sem gerðar hafa verið í Reykjavík frá 1972—1975. Þessar lyfjakannanir ná yfir 2½ mánaðar tímabil samanlagt.“

Niðurstöður.

Sannað er í málinu með eigin játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum, þ. e. krufningarskýrslu Jónasar Hallgrímssonar yfirlæknis, ljósmyndum af vettvangi, niðurstöðu blóðflokknar-deildar Köbenhavns Retsmedicinsk Institut svo og framburðum vitna, að ákærði réð Lovísu Kristjánsdóttur bana að Miklubraut 26 hinn 26. ágúst sl. með því að slá hvað eftir annað í höfuð hennar með kúbeini, fyrst í anddyri hússins og síðan, þar sem hún lá fyrir neðan stiga þann, er liggur niður í kjallara.

Ákærði er einn til frásagnar um aðdraganda þessa verknaðar, og þykir ekki ástæða til að vefengja frásögn hans. Telja verður ljóst, að hann hafi komið í húsið í þeim tilgangi að taka þaðan verðmæti og Lovísa Kristjánsdóttir hafi komið honum þar að óvörum. Ekki er annað að sjá en ásetningur um verknaðinn hafi myndast hjá ákærða, á meðan á samtali þeirra Lovísu stóð, eða í síðasta lagi, er hún neitaði endanlega að verða við beiðni hans og gekk til dyra. Hlaut ákærða að vera fyllilega ljóst, er hann réðst að henni með járninu, hverjar afleiðingarnar kynnu að verða. Á það er hér að líta, að ásetningur ákærða er svo ákveðinn, að hann lætur ekki af árás sinni, eftir að konan fellur niður stigann, heldur greiðir hann henni enn nokkur högg eftir það, þar sem hún liggur.

Ofangreindur verknaður ákærða varðar við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá er einnig sannað með játningu ákærða, studdri öðrum gögnum, að hann tók umrætt sinn verðmæti að Miklubraut 26, þ. e. kr. 20.000 í peningum og muni þá, sem áður eru taldir. Varðar þetta við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Að lokum er sannað með játningu ákærða, framburðum vitna og öðrum gögnum, að hann hafi að kvöldi 27. nóvember 1975 farið í fjárhirslur Vélsmiðjunnar Héðins h/f, er hann gat opnað með lykli, sem hann hafði tekið frá frænda sínum, Ólafi Ás-

geirssyni, og stolið þaðan þremur peningakössum. Um verðmæti þau, sem í kössunum voru, þykir verða að byggja á frásögnum gjaldkera Héðins h/f í meginatriðum, er yfirlit fyrirtækisins, sem lagt hefur verið fram í málinu, byggist á. Hefur ákærði enda ekki beinlinis vefengt yfirlitið, heldur sagt, að skýring á mismun að því er varðar peninga kunni að vera fólgin í því, að honum hafi sést yfir peninga í kössunum, áður en hann kastaði þeim.

Á það er þó að líta í þessu sambandi, að samkvæmt yfirliti fyrirtækisins eru ávísanir í kassa Ólafs Ásgeirssonar taldar hafa numið „ca 2.0 millj.“, en skv. framburði Ólafs Ásgeirssonar námu þær tæplega kr. 1.8 milljón. Að því er fjárhæð víxla í sama kassa varðar er á yfirlitinu sagt, að fjárhæð þeirra hafi numið „ca 1.0 millj.“, en Ólafur Ásgeirsson hefur sagt, að sú tala byggist ekki á sinni frásögn. Verður því ekki byggt á þeirri tölu yfirlitsins, og þykir því rétt að líta svo á, að í umræddum kassa hafi verið ávísanir að fjárhæð tæplega kr. 1.800.000 auk einhverra víxla, sem ekki er vitað um heildarfjárhæð á, og kr. 20.500 í peningum, sem hurfu, en framangreind verðbréf voru í kassanum, er hann fannst.

Að því er varðar hina kassana tvo þykir verða að leggja til grundvallar framangreint yfirlit, stutt framburðum gjaldkeranna Elísabetar Bjarnadóttur og Friðjóns Bjarna Friðjónssonar. Samkvæmt þessu hafa verið peningar og önnur verðmæti í kössunum, er námu samtals kr. 1.355.450, þ. e. kr. 993.357 í kassa Elísabetar, en kr. 362.093 í kassa Friðjóns. Þykir þannig sannað, að í kössunum öllum hafi verið verðmæti, er námu eigi lægri fjárhæð en tæplega kr. 3.175.950 auk framangreindra víxla.

Þessi verknaður ákærða varðar einnig við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði, dagsettu 26. janúar sl., hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1964 8/1 í Reykjavík: Dómur: 2.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði, fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.
- 1967 7/3 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
- 1973 8/11 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir ranga stöðu og stöðvun ökutækja.
- 1975 6/12 í Reykjavík: Sátt, 26.000 kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga.

Enda þótt fyrir liggi í málinu, að ákærði hafi á undanförunum árum neytt lyfja í einhverjum mæli eftir læknisráði og e. t. v. einnig umfram það, þykir ekkert það hafa komið fram í málinu, er gefi tilefni til að beita refsilækkunarákvæðum 74. og 75. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar hans fyrir ofangreind brot.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár.

Þegar litið er á málið í heild, þykir rétt, að gæsluvarðhald ákærða komi til frádráttar með fullri dagatölu, annars vegar gæsluvarðhald frá 29. nóvember til 6. desember 1975 og hins vegar gæsluvarðhald hans frá 28. ágúst 1976, eða samtals í 195 daga, enda þótt framkoma ákærða við rannsókn þjófnaðar í Héðni sé á mörkum þess að gefa tilefni til slíks.

Af hálfu Vélsmiðjunnar Héðins h/f hefur verið lögð fram bótakrafa í máli þessu á hendur ákærða, dagsett 25. febrúar sl., að fjárhæð kr. 817.495. Sundurliðast krafan svo:

„1. a) Greiðsla á peningum úr kassa Elísabetar Bjarnadóttur	kr. 527.057
b) Tvö umslög m/pen. og umslag m/sparim. og pen.	— 22.000 kr. 549.057
<hr/>	
2. Pen.greiðsla í kassa Ólafs Ásgeirssonar til bæjarfógetans í Hafnarfirði	kr. 20.500
3. Pen. og verðmæti úr kassa Friðjóns B. Friðjónssonar:	
a) Pen. til Lífeyrissj. verzl.manna	kr. 83.738
b) Innb. frá bæjarsj. Kóp.	— 51.700
c) Staðgr.pen. frá lager	— 25.000
d) 15 happdrættisskuldabréf ríkissjóðs á kr. 2.000.-	— 30.000
e) 10 arkir frímerki (skák- merki '72, verðgildi 15/-) á kr. 750.-	— 7.500 kr. 197.938
<hr/>	
4. 3 stk. peningakassar, einn skemmdur, og tveir hurfu	kr. 50.000

Samtals kr. 817.495“

Ákærði var í þinghaldi 25. febrúar sl. inntur eftir afstöðu sinni til bótakröfunnar. Vildi hann ekki tjá sig um málið að öðru leyti en því, að hann vísaði til fyrri skýrslu sinnar fyrir dómi um málið án þess þó að mótmæla bótakröfunni í heild eða einstökum liðum hennar. Við munnlegan flutning málsins krafðist verjandi hans þess aðallega, að kröfunni yrði vísað frá dómi, en til vara, að hún yrði lækkuð.

Gunnar Magnússon, núverandi framkvæmdastjóri Héðins h/f, undirritar framangreinda bótakröfu fyrirtækisins og hefur staðfest hana fyrir dómi. Sagði hann, að yfirlit það, sem lagt hefur verið fram í málinu og bótakrafan byggist á, hefði verið samið þegar eftir helgina, eftir að þjófnaðurinn var framinn. Hann kvað talningu ekki hafa farið fram í kössunum daglega né gerð skrá um innihald þeirra. Tók hann fram, að fyrirtækið hefði orðið að greiða til viðkomandi aðilja þær fjárhæðir, sem koma fram í yfirlitinu um peninga í kassa Elísabetar Bjarnadóttur. Hafi hann borið þær greiðslur saman við skýrslu Elísabetar um það, sem verið hafi í kassa hennar, og hafi þetta komið heim og saman. Hann kvað fyrirtækið hafa gefið tjón sitt upp til skatts og hafi ekki verið gerð athugasemd við það enn sem komið er.

Verður nú vikið að einstökum liðum bótakröfunnar:

Um 1 a. Með hliðsjón af yfirliti því, sem lagt hefur verið fram í málinu, sem stutt er framburði Elísabetar Bjarnadóttur fyrir dómi svo og framburði Gunnars Magnússonar, þykir verða að taka þennan lið til greina að öllu leyti.

Um 1 b. Samkvæmt yfirliti fyrirtækisins voru í kassa Elísabetar Bjarnadóttur tvö umslög, merkt Björgvini Hilmarssyni, með u. þ. b. kr. 20.000 og 1 umslag, merkt Frey Waage, með u. þ. b. kr. 300 og sparimerkjum, en fjárhæð þeirra ekki tilgreind. Elísabet hefur staðfest, að þessar upplýsingar séu eftir sér hafðar, en umrædd umslög, merkt Björgvini Hilmarssyni, hafi verið ósótt laun. Þykir rétt að taka þennan lið til greina að öllu leyti.

Um 2. Ólafur Ásgeirsson hefur fyrir dómi staðfest, að hér sé um að ræða peninga, er voru í sérstöku umslagi í kassa hans, en vitnið hafði tekið við þeim hjá Elísabetu Bjarnadóttur gegn ávísun, er vitnið lét hana hafa. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að taka þennan lið til greina að fullu.

Um 3 a. Vitnið Friðjón Bjarni Friðjónsson hefur skýrt svo frá, að þessir peningar hafi komið til sín frá Elísabetu Bjarnadóttur með skilagrein til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, sem

einnig hvarf með kassa vitnisins, og því hafi orðið að endurvinna hana. Peningar þessir hafi verið í sérstöku umslagi. Rétt þykir með hliðsjón af ofanrituðu að taka þennan lið til greina að fullu.

Um 3 b. Vitnið Friðjón Bjarni Friðjónsson hefur staðfest, að hér hafi verið um að ræða innborgun frá bæjarsjóði Kópavogs til greiðslu á skuld hans við fyrirtækið, en peningarnir hafi komið frá Elísabetu Bjarnadóttur og hafi hún tekið þá af fé því, er hún dró af starfsmönnum og átti að renna til bæjarsjóðsins. Hefði kvittun verið send bæjarsjóði Kópavogs vegna greiðslunnar. Rétt þykir að taka þennan lið til greina.

Um 3 c. Friðjón Bjarni Friðjónsson hefur sagt, að umrædda upphæð hafi hann fundið út með því að bera sig saman við viðkomandi starfsmann á lager. Af umræddri fjárhæð voru kr. 11.000 í ávísun frá Stálvirkjanum, sem ekki hefur verið leyst út. Verður liður þessi tekinn til greina.

Um 3 d og e. Friðjón Bjarni Friðjónsson hefur skýrt svo frá, að hér sé um að ræða annars vegar happdrættisskuldbréf, er hann hafi geymt í kassa fyrir starfsmann Héðins h/f, Garðar Karlsson, og hins vegar frímerki, er hann átti sjálfur og geymdi í kassanum. Kvaðst hann líta svo á, að fyrirtækið gerði kröfu um bætur vegna þessara verðmæta fyrir sína hönd og Garðars. Enda þótt Héðinn h/f hafi ekki verið eigandi þessara verðmæta, verður að líta svo á, að fyrirtækið hafi rétt til að hafa uppi bótakröfu þeirra vegna, enda þykir rétt að líta svo á, að krafan sé gerð með samþykki viðkomandi starfsmanna. Verður því krafa samkvæmt þessum liðum tekin til greina að fullu.

Um 4. Ekki hafa verið lögð fram gögn til stuðnings þessum lið, en engu að síður verður að telja, að hann sé ekki ósanngjarn, og ber því að taka hann til greina að öllu leyti.

Samkvæmt ofanrituðu og með tilvísan til 145. gr. laga nr. 74/1974 dæmist ákærði til að greiða framangreindar skaðabætur til Vélsmiðjunnar Héðins h/f, samtals kr. 817.495. Ekki hefur verið gerð krafa um vexti.

Að lokum verður ákærði dæmdur samkvæmt 1. tl. 141. gr. laga nr. 74/1974 til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu. Til hans teljast málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000, réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000, og laun réttargæslumanns ákærða við rannsókn þjófnáðarmálsins í Héðni h/f, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Ingólfsson, sæti fangelsi 16 ár. Frá refsingu skal draga gæsluvarðhaldsvist hans, 195 daga.

Ákærði greiði Vélsmiðjunni Héðni h/f kr. 817.495 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000, réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000, og réttargæslulaun til Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Fimmtudaginn 21. júní 1979.

Nr. 7/1979.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Matthíasi Hauki Guðmundssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarson og Magnús Þ. Torfason.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari hefur samkvæmt umboðsskrá 3. febrúar 1977 leyst af hendi rannsókn máls þessa, og samkvæmt umboðsskrá 27. janúar 1978 hefur hann þingfest málið og farið með það og dæmt.

I.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa nokkur gögn verið lögð fram í málinu, þ. á m. bréf Seðlabanka Íslands, dags. 18. maí 1979 og 21. maí s. á. Í fyrra bréfinu eru greindir